



Borgarráð

Tillaga að Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR)

Lagt er til að borgarráð samþykki stofnun Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR). Jafnframt að samþykkt verði að tillögur 1.-5. og 7.-8. í hjálagðri skýrslu stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr, frá október 2020. Kostnaður er 3 mkr. fyrir fræðslu- og kynningarstarf, sbr. tillögu nr. 7 sem greiðist af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð. Aðrar tillögur þarfnast ekki viðbótarfjármagns en gert er ráð fyrir tilflutningi fjármagns á milli verkefna og sviða.

Greinargerð:

Þann 16. október 2019 var samþykkt að skipa stýrihóp til að greina og gera tillögur til umhverfis- og heilbrigðisráðs um hvernig haga skuli þjónustu borgarinnar við gæludýr. Stýrihópur um þjónustu borgarinnar við gæludýr skilaði skýrslu sinni og tillögum í október 2020. Megintillagan gengur út á að sameigna á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi borgarinnar vegna þjónustu við gæludýr og villt og hálfvillt dýr í neyð í samræmi við skyldur sveitarfélaga. Einnig eru settar fram 8 tillögur með það að leiðarljósi að bæta umhverfi og þjónustu við dýr og dýraeigendur. DÝR verði með starfsstöð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á Íprótta- og tómsundasviði.

Samþykkt var þann 28. nóvember sl. á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs og þann 9. nóvember sl. á fundi menningar- íprótta- og tómsundaráðs, tillaga stýrihópsins um að sameina á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við gæludýr. Jafnframt að unnið yrði að erindisbréfi fyrir skipan starfshóps um vinnu við stofnun DÝR sem myndi skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun sem byggir á skýrslu stýrihópsins og þeim tillögum sem þar er að finna. Borgarráð óskaði eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögurnar sem er jafnframt hjálagt.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. janúar 2021.

Bréf íprótta- og tómsundasviðs, dags. 12. nóvember 2020, v. Dýraþjónustu Reykjavíkur, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags, 11. nóvember 2020 v. tillögu stýrihóps um þjónustu við gæludýr um að setja á stofn Dýraþjónustu Reykjavíkur.



Umsögn

Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
Efni: Tillaga að Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR)

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu umhverfis- og heilbrigðisráðs, sbr. tillögu stýrihóps um þjónustu við gæludýr um að setja á stofn Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR), dags. 11. nóvember 2020. Tillagan er eftirfarandi:

„Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð og menningar- íþrótt- og tómstundaráð samþykki að sameina á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við gæludýr.

DÝR skal annast utanumhald og umsýslu vegna skráningar dýra, fræðslu og upplýsingagjöf um gæludýr, dýrahald í þéttbýli og þær reglur sem um það gilda, föngun og vistun dýra í vanskilum, móttöku dýra í hremmingum, samskipti við aðrar stofnanir innan sem utan borgarinnar, dýraeigendur og hagsmunasamtök þeirra.

Samhliða stofnun DÝR verður Hundaeftirlit Reykjavíkur lagt niður og málefni katta flutt frá meindýraeftirliti til DÝR. Jafnframt er samþykkt að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun DÝR og skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun, sem byggir á skýrslu stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr og þeim tillögum sem þar er að finna.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, íþrótt- og tómstundasviðs og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er falið að vinna erindisbréf og skipa fulltrúa í starfshópinn.“

Megintillagan felur í sér að sameina á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi borgarinnar vegna þjónustu við gæludýr. Einnig eru settar fram tillögur með það að leiðarljósi að bæta umhverfi og þjónusta við dýr og dýraeigendur. Áætlaður viðbótarkostnaður vegna tillagnanna er áætlaður 6 m.kr. DÝR verður með starfsstöð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á íþrótt- og tómstundasviði.

Tillögur stýrihóps	Nýr kostnaður	Útskýringar
Tillaga 1	Sameina á einum stað alla þjónustu við gæludýr undir DÝR	0 Flutningur á núverandi fjárheimildum
Tillaga 2	Uppbygging á hundagerði (lausagöngusvæði hunda)	8.000.000 Er þegar í fjárfestingaráætlun 2021 og 2022
Tillaga 3	Endurskoða samþykktir um dýrahald	0 Innanhús vinna
Tillaga 4	Einföldun skráningakerfis - rafrænt skráningarkerfi	0 Unnið á ÞON
Tillaga 5	Hundagjaldskráning - lækka gjald og einfalda	0
Tillaga 6	Samstarfs við frjáls félagasamtök - styrktarsjóður og þjónustusamningar	3.000.000
Tillaga 7	Fræðsla, ábyrgð og skyldur (kynningarmál)	3.000.000
Tillaga 8	Öryggi á blönduðum stigum	0 Hafa í huga við hönnun nýrra göngustíga

Umsögn FÁST

Tillaga 1:

Við stofnun DÝR er ekki gert ráð fyrir hækkun rekstrarkostnaðar. Fjárheimildir hundaeftirlitsins (kost.st U5250) flytjast frá umhverfis- og skipulagssviði yfir á íprótta- og tómstundasvið að húsaleigu undanskyldri. Við tilfærsluna munu flytjast 2 stöðugildi á milli sviða. Frá meindýraeftirlitinu flyst 0,25 stöðugildi sem nemur um 3 m.kr.

Tillaga 2:

Uppbygging hundagerða upp á 8 m.kr. skiptist í 2 m.kr. í leiktæki og 6 m.kr. í stækkun og bætingu svæða. Samkvæmt ÍTR hefur þegar verið gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar og fellur undir liðinn **20240 Leikvellir, torg og opin svæði** í fjárfestingaáætlun.

Tillaga 3:

Endurskoðun samþykkt um dýrahald verður unnin innhús og ekki er reiknað með auka kostnaði vegna þess.

Tillaga 4:

Ekki er gert ráð fyrir neinum kostnaði við að breyta ferlum og koma skráningum á rafrænt form. Þótt vinnan muni að mestu verða á borði þjónustu- og nýsköpunarsvið er hætta á viðbótarkostnaði vegna verkefnisins.

Tillaga 5:

Gert er ráð fyrir að gjaldskrá vegna skráningu hunda muni lækka vegna breyttra aðferða við skráningu. Ekki er ljóst hvert gjaldið yrði en líklegt er að auka þyrfti fjárheimildir ÍTR þar sem tekjur Hundaeftirlitsins hafa ekki staðið undir kostnaði undanfarin ár. Kostnaðaráætlun 2021 gerir ráð fyrir 34.370 þ.kr. en tekjur hljóða uppá 33.800 þ.kr eða tap uppá 570 þ.kr. Tillögurnar gera ráð fyrir að aukning á skráningum standi undir lægra gjaldi. Til skamms tíma er ljóst að kostnaður borgarinnar hækkar við lækkun á gjaldskrá og því gæti verið betra að taka það mál aftur upp þegar reynsla er kominn á breytt og einfaldara skráningarferli.

Tillaga 6:

Gert er ráð fyrir 6 m.kr. vegna þjónustusamninga og styrktarsjóðs sem félagasamtök og aðrir sem láta sig dýravelferð máli skipta geta sótt í. Helmingur fjármagnsins 3 m.kr. er þegar í fjárheimildum umhverfis- og skipulagssviðs og munu verða fluttar til íprótta- og tómstundasviðs. 3 m.kr. er nýtt fjármagns sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun og væri eynamerkt nýjum styrktarsjóð.

Tillaga 7:

Lagt er til auknu fræðslu- og kynningarstarfi á DÝR, dýrahaldi í þéttbýli og velferð dýra. Kostnaðarmat er 3 m.kr. og er ekki gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Ekki er útlistað nánar hvernig kostnaður skiptist.

Tillaga 8:

Hugað sé að dýraumferð við hönnun göngu og hjólastíga. Er vinnan unnin á umhverfissviði og ekki áætlaður kostnaðarauki.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðarmat vegna tillagnanna. Flestar tillagnanna gera ráð fyrir aðlögun og vinnu starfsmanna Reykjavíkurborgar þannig að kostnaður hljótist ekki af. Beinn kostnaðarauki er áætlaður 6 m.kr. vegna nýs styrktarsjóðs, fræðslu- og kynningarmála.

FÁST bendir á að í tillögu 4 og 5 sem fjalla um breytingar á skráningarkerfi hunda og það gert rafrænt auk þess sem skráningargjald verður lækkað er ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir öðru en að verkefni vegna nýs skráningakerfis kosti talsvert eins og ávallt við vinnu, þróun og innleiðingu á öllum hugbúnaði. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að nýtt og/eða breytt skráningarkerfi verði undirbúið og unnið innanhúss, er mikilvægt að gera kostnaðaráætlun um undirbúning þess og innleiðingu og draga fram þann ávinning sem talið er að nýtt kerfi leiði af sér. Til áréttingar er bent á að það er verklag sem nauðsynlegt er að innleiða vegna allra hugbúnaðarverkefna sem farið er í af hálfu ÞON vegna rafvæðingar á skráningar-, umsóknar- og verkferlum.

Einnig er bent á að lækkun skráningargjalds mun sömuleiðis leiða til aukins kostnaðar til skamms tíma. Nú þegar má gera ráð fyrir að tekjuáætlun Hundaeftirlitsins standi ekki undir kostnaði vegna eftirlitsins og lækkun tekna því óráðleg. Tillagan gerir ráð fyrir að fjöldi skráninga aukist með breyttu verklagi, en það tekur tíma og því ljóst að minnsta kosti til skamms tíma þyrfti viðbótarfjárheimild.

Hugmyndin um betri nýtingu úrræða borgarinnar sem snúa að dýrum er góð og þjónusta á einum stað ætti að leiða til einfaldari og betri stjórnsýslu sem til langs tíma ætti að skila sér í hagkvæmari framkvæmd og lækkun kostnaðar. Þó er rétt er að benda á að ekki er verið að flytja alla starfsemi sem snertir dýrahald með þessari aðgerð þar sem málefni stærri dýra líkt og hesta, sauðfjár, nautgripa og fleira er ekki færð yfir til DÝR frá umhverfis- og skipulagssviði samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum. Samlegðaráhrifin og minnkun flækjustigs vegna málefna dýra eru því ekki eins mikil og annars gæti verið.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Dýraþjónusta Reykjavíkur

Á fundi menningar-, íþróttá- og tólmstundaráðs 9. nóvember 2020 var lagt fram hjálagt bréf stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr dags. 23. október ásamt svohljóðandi tillögu:

"Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð og menningar-, íþróttá- og tólmstundaráð samþykki að sameina á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við gæludýr."

Þá er lagt til að stofnaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að undirbúa stofnun DÝR og skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun, sem byggir á skýrslu stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr og þeim tillögum sem þar er að finna.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, íþróttá- og tólmstundasviðs og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur verði falið að vinna erindisbréf og skipa fulltrúa í starfshópinn,.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Omar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.

Hjálagt:

Bréf stýrihóps dags. 23. október 2020

Skýrsla stýrihóps um þjónustu við gæludýr dags. 1. október



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Dýraþjónusta Reykjavíkurborgar (DÝR) - Tillaga stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr

Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð og menningar- íþrótt- og tómstundaráð samþykki að sameina á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við gæludýr.

DÝR skal annast utanumhald og umsýslu vegna skráningar dýra, fræðslu og upplýsingagjöf um gæludýr, dýrahald í þéttbýli og þær reglur sem um það gilda, föngun og vistun dýra í vanskilum, móttöku dýra í hremmingum, samskipti við aðrar stofnanir innan sem utan borgarinnar, dýraeigendur og hagsmunasamtök þeirra.

Samhliða stofnun DÝR verður Hundaeftirlit Reykjavíkur lagt niður og málefni katta flutt frá meindýraeftirliti til DÝR. Jafnframt er samþykkt að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun DÝR og skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun, sem byggir á skýrslu stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr og þeim tillögum sem þar er að finna.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, íþrótt- og tómstundasviðs og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er falið að vinna erindisbréf og skipa fulltrúa í starfshópinn.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að DÝR fari með daglega umsýslu er tengist gæludýrahaldi sem og öðrum dýrum eftir því sem við á í samstarfi við heilbrigðisnefnd og heilbrigðiseftirlit, umhverfis- og skipulagssvið, önnur svið borgarinnar, viðeigandi opinbera aðila og hagsmunasamtök dýraeigenda. Gert er ráð fyrir að DÝR hafi aðsetur í Fjölskyldu- og húsdýragarði þar sem þegar er til staðar innra skipulag, mannauður og þekking hvað varðar dýrahald og fræðslu í málaflokknum. Áfram verða flókin mál og mál þar sem beita þarf þvingunarúræðum unnin í samstarfi við HER auk þess sem heilbrigðiseftirlitið mun hafa eftirlit með starfseminni lögum samkvæmt.

Í samþykkt fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur eru því falin verkefni heilbrigðisnefndar þ.m.t. verkefni er tengjast dýrahaldi sbr. gr. 1, 3 og 4 undir C lið samþykktarinnar. Verkefni tengdum dýrahaldi er nú sinnt hjá nokkrum aðilum innan borgarinnar, s.s. HER, skrifstofu umhverfisgæða, meindýravörnum og FHG. Þessi verkefni, utan hefðbundinna meindýravarna, verða sameinuð hjá DÝR.

Áhersla verður lögð á að fjölga skráningum skráningarskyldra dýra í borginni m.a. með lækkun leyfisgjalda, einfaldari skráningu og aukinni og sýnilegri þjónustu við dýraeigendur skráðra dýra. Núverandi húsnaðisaðstaða í FHG uppfyllir að hluta til þörfina á aðstöðu vegna

skammtímageymslu gæludýra og meðferðar villtra og hálfvilltra dýra. Lagt er til að þörfin á bættri aðstöðu vegna starfsemi DÝR verði skoðuð og tillögur um mögulega fjárfestingu unnar í framhaldinu.

Með þessari nálgun er ætlunin að fjárförf bæði vegna stöðugilda og innviðaupbyggingu verði lægri en ef stofnuð yrði ný sérstök eining annars staðar í borgarkerfinu þar sem innviðir og mannaflí FHG auk núverandi hundaeftirlits verða sameinuð til samlegðar. Um frekari útl istun vísast til 5. kafla.



Sabine Leskopf

formaður stýrihóps

Hjálagt:
Skýrsla stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr, október 2020
Samrit:
Umhverfis- og heilbrigðisráð



SKÝRSLA

Stýrihóps um þjónustu við gæludýr

Október 2020

Málsnr. US190323/USK2019100039



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Samantekt - helstu tillögur.....	3
1. Markmið og hlutverk hópsins	7
2. Staðan hjá borginni	7
Staðan í lagaumhverfinu	7
Málefni gæludýra í stjórnsýslu borgarinnar.....	8
3. Önnur sveitarfélög	9
4. Margvísleg sjónarmið.....	10
5. Nánari útfærsla tilagnanna	13
6. Niðurlag.....	22
Heimildir	24
Viðauki I – Ýmis kostnaður borgarinnar vegna hunda- og kattahalds.....	25
Viðauki II. Erindisbréf.....	26

Inngangur

Í meirihlutasáttmála Viðreisnar, Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna fyrir borgarstjórn Reykjavíkur kjörtímabilið 2018 til 2022 stendur:

„Við ætlum að einfalda og uppfæra þjónustu við dýraeigendur með því að sameina dýraþjónustu Reykjavíkur. Dýraþjónustan ber ábyrgð á þjónustu og samskiptum við gæludýraeigendur, leyfisveitingum og framfylgd samþykkt borgarinnar um gæludýrahald.“

Þann 16. október 2019 var samþykkt á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs að skipa stýrihóp til að greina og gera tillögur til ráðsins um hvernig haga skuli þjónustu borgarinnar við gæludýr.

Samkvæmt erindisbréfi voru fulltrúar hópsins Inga María Hlíðar Thorsteinsson, Sabine Leskopf og Þorkell Heiðarsson, formaður. Á fyrsta fundi hópsins tók Sabine við sem formaður og einnig hætti Inga María í hópnum og í hennar stað kom Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir. Starfsmaður hópsins var María Nielsdóttir, verkefnastjóri hjá USK.

Samantekt - helstu tillögur

Undanfarin misseri hafa fólki orðið sífellt ljósari þau jákvæðu áhrif sem gæludýr hafa á fólk og samfélag þess. Þannig hefur dýrahald verið að festa sig í sessi víða um heim sem lýðheilsu- og tómstundamál. Gæludýrahald getur leitt til aukinnar hreyfingar, útiveru og einnig til aukinna samskipta við annað fólk. Þannig er gæludýraeign talin draga úr félagslegri einangrun og einmannaleika sem aftur bætir geðheilsu manna (*Wells, 2009*). Rannsóknir benda þá til þess að hundahald sérstaklega geti aukið á samskipti innan fjölskyldna og dregið úr áhættuhegðun (*Jónsdóttir, 2015*).

Aldrei hefur verið meiri eftirspurn eftir hvolpum og kettlingum en núna eftir að Covid-19 skall á. Þannig virðast fólk leita í auknum mæli eftir félagsskap dýra sem sýnir hversu stóran sess þau skipa í lífi manna. Miklar breytingar hafa orðið á viðhorfi til gæludýrahalds í borginni og auknar kröfur eru gerðar varðandi þjónustu við þau og eigendur þeirra. Þá fól löggjöf um dýravelferð í sér auknar kröfur til þeirra sem halda dýr sem og sveitarfélaga.

Umfang gæludýrahalds í Reykjavík er hins vegar óljóst og skráningar þeirra ófullnægjandi. Sé fjöldi þeirra áætlaður út frá tölfræði í nágrannalöndunum má reikna með að hundar séu á um 15% heimila og kettir á um 20-30% þeirra (*Fediaf, 2019*). Hlutfall skráðra hunda hefur líklega aldrei verið lægra í borginni og fer lækkingi á meðan fjöldi hunda í borginni hefur að mati fulltrúa hagsmunasamtaka aukist mikið á undanförunum árum. Það liggur því fyrir að borgin þarf að huga að nýrri nálgun í dýramálum, þjónustu við gæludýraeigendur, aukinni sátt um dýrahald og stuðning við velferð dýra. Dýrahald er augljóslega mikilvægur þáttur í nútíma borgarsamfélagi og flest bendir til þess að mikilvægi þess fari vaxandi.

Stýrihópurinn skoðaði dýrahald frá mörgum hliðum, með sérstakri áherslu á hunda- og kattahald, skráningar- og gjaldamál auk málefna dýra í neyð. Rætt var við mikinn fjölda fólks, starfsmenn borgarinnar, fulltrúa hagsmunasamtaka, sérfræðinga á stofnunum og ráðuneytum og marga aðra sem koma að málefnum dýra.

Megintillögur stýrihópsins ganga út á að öll málefni dýra í borginni verði sameinuð undir einum hatti með sérstakri einingu, Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR) sem staðsett verði í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum (FHG). Áhersla verður lögð á að fjölga skráðum dýrum í borginni, lækka gjöld og einfalda skráningar. Þá verði þjónusta við skráð dýr og eigendur þeirra gerð sýnilegri, ferlar varðandi dýr í neyð útbúnir og stuðlað með aukinni fræðslu að ábyrgara dýrahaldi og bættu samfélagi dýra og manna í þéttbýli. Loks verði útbúinn sérstakur sjóður, helgaður dýravelferð, ætlaður félagasamtökum og öðrum þeim sem vinna að velferð dýra.

Tillaga 1 – Dýraþjónusta Reykjavíkurborgar DÝR

Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð og menningar- íþrótt- og tómstundaráð samþykki að sameina á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við gæludýr. DÝR skal annast utanumhald og umsýslu vegna skráningar dýra, fræðslu og upplýsingagjöf um gæludýr, dýrahald í þéttbýli og þær reglur sem um það gilda, föngun og vistun dýra í vanskilum, móttöku dýra í hremmingum, samskipti við aðrar stofnanir innan sem utan borgarinnar, dýraeigendur og hagsmunasamtök þeirra. Samhliða stofnun DÝR verður Hundaeftirlit Reykjavíkur lagt niður og málefni katta flutt frá meindýraeftirliti til DÝR. Jafnframt er samþykkt að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun DÝR og skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun sem byggir á skýrslu stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr og þeim tillögum sem þar er að finna. Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, íþrótt- og tómstundasviðs og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er falið að vinna erindisbréf og skipa fulltrúa í starfshópinn.

Greinargerð

Gert er ráð fyrir að DÝR fari með daglega umsýslu er tengist gæludýrahaldi sem og öðrum dýrum eftir því sem við á í samstarfi við heilbrigðisnefnd og heilbrigðiseftirlit, umhverfis- og skipulagssvið, önnur svið borgarinnar, viðeigandi opinbera aðila og hagsmunasamtök dýraeigenda. Gert er ráð fyrir að DÝR hafi aðsetur í FHG þar sem þegar er til staðar innra skipulag, mannauður og þekking hvað varðar dýrahald og fræðslu í málaflokknum. Áfram verða flókin mál og mál þar sem beita þarf þvingunarúrræðum unnin í samstarfi við HER auk þess sem heilbrigðiseftirlitið mun hafa eftirlit með starfseminni lögum samkvæmt.

Í samþykkt fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur eru því falin verkefni heilbrigðisnefndar þ.m.t. verkefni er tengjast dýrahaldi sbr. gr. 1, 3 og 4 undir C lið samþykktarinnar. Verkefni tengdum dýrahaldi er nú sinnt hjá nokkrum aðilum innan borgarinnar, s.s. HER, skrifstofu umhverfisgæða, meindýravörnum og FHG. Þessi verkefni, utan hefðbundinna meindýravarna, verða sameinuð hjá DÝR.

Áhersla verður lögð á að fjölga skráningum skráningarskyldra dýra í borginni m.a. með lækkun leyfisgjalda, einfaldari skráningu og aukinni og sýnilegri þjónustu við dýraeigendur skráðra dýra. Núverandi húsnæðisaðstaða í FHG uppfyllir að hluta til þörfina á aðstöðu vegna skammtímageymslu gæludýra og meðferðar villtra og hálfvilltra dýra. Lagt er til að þörfin á bættri aðstöðu vegna starfsemi DÝR verði skoðuð og tillögur um mögulega fjárfestingu unnar í framhaldinu.

Með þessari nálgun er ætlunin að fjárþörf bæði vegna stöðugilda og innviðaupbyggingu verði lægri en ef stofnuð yrði ný sérstök eining annars staðar í borgarkerfinu þar sem innviðir og mannaflí FHG auk núverandi hundaftirlits verða sameinuð til samlegðar. Um frekari útlistun vísast til 5. kafla.

Tillaga 2 – Frístundaiðkun og lýðheilsa

Lagt er til að við gerð aðal- og deiliskipulags verði hugað sérstaklega að því að tryggja aðgang íbúa að opnum svæðum þar sem hægt er að stunda uppbyggilega útivist með hunda. Hundahald verði skilgreint sem frístundaiðkun og lýðheilsumál hundaeigenda og aðstaða hunda sem dýravelferðarmál. Átak verði gert til að bæta hundasvæði m.a. með uppsetningu leiktækja í samráði við hundaeigendur. Komið verði á tilraunaverkefni með lausagöngu á ákveðnum tímum á fleiri stöðum í borginni, sérstaklega þar sem ekki er aðgangur að lausagöngusvæði eða hundagerði í göngufjarlægð. Merkingar verði yfirfarnar og bættar sem og yfirlitskort og leiðbeiningar.

Tímaáætlun: 2020-2022

Kostnaður: 2,0 milljónir í leiktæki á núverandi lausagöngusvæðum, 6,0 milljónir í að bæta og stækka núverandi hundagerði. Tvö ný hundagerði eru nú þegar í framkvæmd á þessu ári í Grafarvogi og á Kjalarnesi.

Tillaga 3 – Endurskoðun samþykktu um dýr

Lagt er til að farið verði í endurskoðun á samþykktum Reykjavíkurborgar um gæludýrahald nr. 404/2005 um kattahald í Reykjavík, nr. 794/2005 um hundahald í Reykjavík, nr. 478/2012 um hæsnahald 815/2014 í samræmi við þær breytingar sem hér eru lagðar fram í málafloknum og ábendingar í 5. kafla um nánari útfærslu tillagnanna. Þessi vinna fari fram í samráði við sérfræðinga sem og hagsmunaaðila. Þá verði skoðað sérstaklega hvort ástæða sé til þess að útbúa sérstakar samþykktir um annað dýrahald t.d. kanínu- og býflugnahald.

Tímaáætlun: 2021

Kostnaður: Enginn

Tillaga 4 - Einföldun skráningarkerfis

Lagt er til að komið verði á fót aðgengilegu rafrænu skráningarferli fyrir skráningarskyld dýr á vefnum og tenging þess við önnur dýraskráningarkerfi verði skoðuð sérstaklega. Með tilkomu þessa kerfis verði leyfisskylda hunda afnumin en skráningarskyldu komið á í staðinn. Önnur dýr skulu skráð í samræmi við ákvæði samþykktu. Innheimta gjalda verði jafnframt einfölduð með rafrænum hætti.

Greinargerð

Gert er ráð fyrir að komið verði á rafrænu skráningarkerfi dýra í samræmi við ákvæði samþykktu. Sú breyting fylgir þessu að tillagan gerir ráð fyrir að í stað þess að eigendur hunda þurfi að sækja um og fá leyfi fyrir þeim, eins og er í dag, verði komið á skráningarskyldu sem feli í sér að hundahald sé heimilt að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði laga, reglna og samþykktu þar um. Skilyrðin komi fram með skýrum hætti í skráningarkerfinu og eigandi staðfesti að þau séu uppfyllt í skráningarferlinu. Með þessum hætti verði skráning gerð einfaldari og aðgengilegri eigendum dýra en að sama skapi náist fram hagræðing í rekstri. Gert er ráð fyrir að þetta verði unnið í samráði við og/eða á ábyrgð þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem heldur utan um framkvæmd þjónustustefnu borgarinnar og rafrænar lausnir.

Tímaáætlun: 2021

Kostnaður: Verkefni tengt rafrænni sjálfsþjónustu hjá Reykjavíkurborg

Tillaga 5 – Hundagjald og skráning

Lagt er til að hundagjald verði bæði lækkað og einfaldað og tekjur af því renni til DÝR í stað HER.

Greinargerð

Með stofnun DÝR er gert ráð fyrir að þjónusta við hundaeigendur og aðra dýraeigendur verði eflað með aukinni áherslu á fræðslu og upplýsingagjöf. Fríðindi fylgi því að skrá hundinn sinn, t.d. lægra eða ekkert handsömunargjald. Miðlæg ábyrgðartrygging gagnvart tjóni þriðja aðila verði áfram innifalin í gjaldinu. Kannaður verði sérstaklega fýsileiki þess að bjóða skráðum hundaeigendum miðlæga sjúkratryggingu með svipuðum hætti og gildir nú um ábyrgðartrygginguna.

Gert er ráð fyrir að hundahald verði heimilt í Reykjavík að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkt sem og öðrum lögum og reglugerðum. Í skráningu um hundahald verði umsækjanda leiðbeint um hvaða samþykktir, lög og reglur séu forsenda hundahaldsins og umsækjandi látinn staðfesta að slík skilyrði séu uppfyllt í samræmi við nánari útfærslu tillögunnar í kafla 5, sbr. einnig tillögu um að koma á fót rafrænu skráningarkerfi.

Tímaáætlun: 1. janúar 2021

Kostnaður: Tekjur af hundahaldi verði láttnar mæta kostnaði.

Tillaga 6 - Samstarf við frjáls félagasamtök

Lagt er til að stofnaður verði sérstakur sjóður þar sem félagasamtök og aðrir sem láta sig dýravelferð varða geta sótt um styrki. DÝR veitir umsögn vegna styrkbeiðna.

DÝR hafi umboð til að bjóða út einstaka þjónustubætti sem og að gera þjónustusamninga við utanaðkomandi aðila, t.d. félagasamtök. Þar má nefna sérstaklega langtímavörslu og ættleiðingu óskiladýra sem og önnur verkefni sem eru til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum af dýrum í borgarlandinu og/eða stuðla að aukinni dýravelferð.

Tímaáætlun: Frá 2021

Kostnaður: 3,0 milljónir í þjónustusamninga, 3,0 milljónir í styrktarsjóð

Tillaga 7 – Fræðsla, ábyrgð og skyldur

DÝR grundvalli starfsemi sína m.a. á fræðslu og leiðsögn um dýrahald í þéttbýli og velferð dýra. Í því skyni verði gert átak í að kynna réttindi og ábyrgð gæludýraeigenda sem og þau áhrif sem gæludýrahald getur haft á umhverfið. Þar skal sérstaklega horft til verndar lífríkis og líffræðilegs fjölbreytileika innan borgarinnar s.s. fuglalífs auk vatnsverndar. Þá skal starfsemi DÝR kynnt í því skyni að auka skráningar skráningarskyldra dýra.

Tímaáætlun: 2021

Kostnaður: 3,0 milljónir

Tillaga 8 – Öryggi á á blönduðum stígum

Lagt er til að við hönnun og gerð göngu- og hjólastíga verði gert ráð fyrir möguleikum hundaeigenda til að samnýta stíga með öðrum notendum þeirra. Við gerð hjólreiðaáætlunar og annarar stefnumótunarvinnu þarf að huga að öryggi hunda og hundaeigenda. Lagt er til að vísa þessu inn í vinnu starfshóps um hjólreiðaáætlun.

Tímaáætlun: Hausti 2020

Kostnaður: Enginn

1. Markmið og hlutverk hópsins

Samkvæmt erindisbréfi á hópurinn að skoða hvernig Reykjavíkurborg uppfyllir þær kröfur sem til hennar eru gerðar í lögum, reglugerðum og samþykktum um dýrahald og velferð dýra og hvort tilefni sé til breytinga. Einnig á hópurinn að skoða hvernig þjónustu er háttáð við íbúa sem halda gæludýr og hvort auka eigi þjónustu við þá. Við vinnu tillagnanna skal leggja áherslu á velferð dýra og samfélagslegan ábata af gæludýrahaldi auk þess að huga sérstaklega að dýrum í erfiðum aðstæðum og óskiladýrum. Þá skal hópurinn skoða möguleika á samstarfi við nágrannasveitarfélög og félagasamtök sem láta sig dýravelferð varða og kalla til samráðs sérfræðinga og aðra sem geta lagt til vinnunnar.

Stýrihópurinn starfaði á tímabilinu febrúar til september 2020 og hélt alls 14 fundi.

Helstu verkefni hópsins samkvæmt erindisbréfi:

- Rýna hvernig Reykjavíkurborg uppfyllir kröfur í lögum, reglugerðum og samþykktum
- Rýna hvernig þjónustu er háttáð við gæludýraeigendur og meta hvort hún sé fullnægjandi.
- Skoða aðstæður óskiladýra og dýra í erfiðum aðstæðum og hvernig best sé að uppfylla lagaskyldur vegna meðferðar villtra og hálfvilltra dýra innan borgarmarkanna og setja ramma um meðferð slíkra mála og endurgreiðslur vegna þeirra í samræmi við 7. laga nr. 55/2013.
- Skoða mögulegt samstarf við nágrannasveitarfélög og félagasamtök.
- Vinna kostnaðarmat og tímaáætlun fyrir tillögur hópsins.

Stýrihópurinn fundaði og átti samtöl við fjölmarga hagaðila auk þess sem leitað var upplýsinga hjá starfsmönnum og stjórnendum innan borgarkerfisins. Meðal annars var rætt við fulltrúa frá Kattholti, Villiköttum, Dýrahjálpi, Félagi ábyrggra hundeigenda, Félagi grænkeru, fulltrúa Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, Umhverfissráðuneytis, MAST og dýralækna. Þá var rætt við framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits, sviðstjóra ÍTR og forstöðumann FHG, skrifstofustjóra og deildarstjóra hjá USK, o.fl.

2. Staðan hjá borginni

Staðan í lagaumhverfinu

Skyldur sveitarfélaga er tengjast dýrum og dýrahaldi eru grundvallaðar í lögum. Má þar sérstaklega nefna annars vegar lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og hins vegar lög nr. 55/2013 um velferð dýra. Þessir lagabálkar eru síðan útfærðir nánar í reglugerðum og loks í samþykktum sveitarfélaga.

Í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er sveitarfélögum heimilað að setja sér samþykktir til nánari útlistunar á þáttum er undir lögin og afleiddar reglugerðir heyra. Í greininni eru m.a. nefnd sérstaklega samþykktir um bann eða takmörkun dýra- og húsdýrahalds, gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu og loks um ábyrgðartryggingu. Í Reykjavík eru að finna nokkrar samþykktir er varða dýrahald sem byggja á þessu ákvæði, samþykkt um hundahald, kattahald, gæludýrahald og hænsnahald.

Í lögum um dýravelferð nr. 55/2013 eru lagðar skyldur á sveitarfélög í gr. 7, 23 og 24, hvað varðar ýmsa þætti sem tengjast dýrahaldi. Má þar helst nefna hjálparskylda gagnvart villtum og hálfvilltum dýrum innan sveitarfélags sem og greiðsluskylda fyrir útlögðum kostnaði þriðja aðila í slíkum málum. Handsömunar/smölunarskylda hús- og gæludýra sé umráðamaður óþekktur, vörsluskylda strokudýra sem og rannsóknarskylda við að finna eiganda skráðra óskiladýra. Sveitarfélagið hefur jafnframt heimild til þess að fela öðrum ákveðna þætti s.s. handsömun.

Borgin hefur haldið utan um málefni dýra eins og lög gera ráð fyrir og er útlistað nánar í töflu hér fyrir neðan, þótt vissulega megi rökræða um útfærslu og forgang málaflokksins. Borgin

hefur borið kostnað af þessum verkefnum, ekki einungis af hundahaldi heldur einnig af köttum og öðru dýrahaldi. Það hefur hins vegar einkennt málaflökkinn að hann er dreifður innan borgarkerfisins og ekki er alltaf augljóst hvernig sú skipan er til komin og á hverju hún byggir. Búið er að koma upp til geymslu a.m.k til bráðabirgða fyrir óskiladýr eins og lög gera ráð og er hún staðsett í FHG. Slík aðstaða var lengst af leigð af öðrum og var á tímabili óviðunandi. Varðandi villt og hálfvilt dýr innan borgarlandsins hafa ýmsar deildir komið að málefnum mismunandi tegunda. Borgin hefur hins vegar ekki komið sér upp sérstöku skipulagi hvað varðar móttöku dýra í neyð þótt FHG, HER og fleiri hafi komið að þeim málaflökki með óformlegum hætti um árabíl. Þá hefur borgin ekki sett sér reglur um endurgreiðslur útlagðs kostnaðar í tengslum við hjálparskyldu.

Málefni gæludýra í stjórnsýslu borgarinnar

Umhverfis- og skipulagssvið sinnir bæði eftirlits og þjónustuhlutverki varðandi dýrahald í borginni og er málefnum dýra sinnt á ýmsum skrifstofum og deildum innan sviðsins:

Skrifstofa sviðsstjóra

Hundaleyfi - útgáfa, umsýsla og reikningargerð f.h. heilbrigðiseftirlits.

Upplýsingagjöf og leiðbeiningar í tölvupósti og síma varðandi hundahald f.h. heilbrigðiseftirlits.

Lögfræðiþjónusta sviðsins en þar reynir stundum á mál er varða dýrahald og þjónustu við dýr, t.d túlkun laga og samþykktu um það efni.

Náttúrugæði

Kattahald, óskiladýr og óleyfilegt dýrahald að hluta hjá meindýravörnum.

Framfylgd samþykktar um kattahald í Reykjavík nr. 749/2005 í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Handsömun óskilakatta og katta, sem eru ítrekað að valda ónæði, flutningur þeirra í Kattholt. Aðstoð við m.a. lögreglu við að handsama slöngur, köngulær, eðlur og önnur dýr sem óheimilt er að flytja til landsins og halda.

Fjármáladeild

Reikningargerð.

- vegna hundaleyfa (að hluta, meginhluti á skrifstofu sviðsstjóra).
- vegna meindýravarna og handsömun hesta.

Gjaldskrá vegna hundaleyfa (aðrar gjaldskrár s.s. vegna handsömunar hesta og meindýravarnar unnið á viðkomandi skrifstofum).

Framkvæmdir og viðhald

Gerð hundagerða (sem hluti af verkefnum „Hverfið mitt“).

Bygging aðstöðu fyrir hunda í óskilum í Fjölskyldu- og húsdýragarði

Árlega er veitt fé til viðhalds á reiðstígum í Reykjavík.

Rekstur og umhirða

Handsömun hrossa og kindu í upplandinu.

Fylgja eftir fjallskilalögum og látið smala kindum og eftirleitir.

Umhirða lausagöngusvæða og hundagerði <https://reykjavik.is/lausagongusvaedi-hunda>.

Heilbrigðiseftirlit

Hundaftirlit fylgir eftir samþykkt um hundahald.

Tekið af vef USK: „Markmið hundaftirlits eru að bæta hundahald í borginni með aukinni fræðslu til hundaeigenda og borgarbúa og að fækka óskráðum hundum í borginni.

Hundaftirlitið í Reykjavík semur við hundageymslur sem standast kröfur eftirlitsins, um vörslu hunda sem teknir eru í lausagöngu og af öðrum orsökum. Hundar fást afhentir þegar greitt hefur verið handsömunargjald sjá gjaldskrá, auk alls kostnaðar sem bæst hefur við vegna dvalar eða geymslu hundsins. Einungis hundar sem skráðir eru á lögheimili eiganda síns fást afhentir.“

Umsóknir um hæsnahald.

Menningar íþróttar og tómstundaráð – Fjölskyldu- og húsdýragarður

Í dýragarðshluta garðsins eru haldin hefðbundin húsdýr auk íslenskra nytjadýra, grunnildri starfseminnar hefur frá fyrstu tíð verið fræðsluhlutverk og sérstakur samstarfssamningur er í gildi milli garðsins og Skóla- og frístundasviðs varðandi þann þátt.

Starfsmenn garðsins eru einnig í samstarfi við stofnanir ríkisins, sem sinna málefnum búfjár og villtra dýra, þ.m.t. Umhverfissráðuneyti, Matvælastofnun og Atvinnu- og nýsköpunarráuneyti. Einnig hefur í garðinum verið sinnt dýravelferðamálum t.d. í verkefninu „Villt dýr í hremmingum“ í samstarfi við Náttúrufræðistofnun og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Almenningur og lögregla hafa einnig leitað til garðsins þegar um er að ræða villt og hálfvillt dýr í hremmingum innan borgarmarkanna sem eru samkvæmt lögum um dýravelferð á ábyrgð sveitarfélagsins. Þá hefur garðurinn tekið við og aðstoðað lögreglu við ýmis dýratengd mál. Síðastliðin tvö ár hefur garðurinn hýst aðstöðu fyrir óskilahunda í samstarfi við HER og hefur það samstarf gengið vel. Í garðinum er sólarhringsvakt og næturvörður sinnir öryggisgæslu auk þess að hafa fengið þjálfun í meðferð og móttöku dýra. Í garðinum starfa sérfræðingar í búfræði, vistfræði og fleiri greinum. Garðurinn hefur samið sérstaklega við dýralækna um þjónustu eftir sérhæfingu þeirra og mismunandi þörfum garðsins hverju sinni.

3. Önnur sveitarfélög

Sveitarfélög hafa flest sett sér samþykktir um dýrahald með einum eða öðrum hætti. Í stærstu sveitarfélögum landsins eru til staðar samþykktir um hundahald og víðast hvar einnig um kattahald.

Samþykktir um hundahald grundvallast í flestum sveitarfélögum á að hundahald sé leyft, séu skilyrði í samþykktunum uppfyllt. Þó eru á þessu undantekningar s.s. í Reykjanesbæ þar sem hundahald er óheimilt nema með undanþágu líkt og var í Reykjavík á árum áður. Þess ber að geta að samþykktin í Reykjanesbæ er gömul eða frá árinu 1987.

Í stærri sveitarfélögum eru innheimt bæði skráningar- og eftirlitsgjöld vegna hunda og í nokkrum sveitarfélögum á slíkt einnig við um ketti. Þetta á t.d. við í Árborg og á Akureyri. Þá veita sum sveitarfélög afslátt af eftirlitsgjaldi til þeirra sem sótt hafa sérstök námskeið um hundahald.

Hundagjöld í nokkrum sveitarfélögum				
Sveitarfélag	Eftirlitsgjald	Með námskeiði	Skráningargjald	Handsömun
Reykjavík	19.850	9.950	20.800	30.200
Kópavogur	14.000	7.000	10.000	35.000
Akureyri	8.700	4.350	10.000	22.000
Árborg	19.223	15.378	11.821	16.231
Seltjarnarnes	15.000	óvíst	12.500	22.000
Mosfellsbær	18.700	óvíst	16.900	26.300
Suðurnes	17.976	17.976	óvíst	20.000

Mismunandi er eftir sveitarfélögum hver sinnir eftirliti með dýrasamþykktum sveitarfélagsins f.h. heilbrigðisnefndar. Oft er það heilbrigðiseftirlit, en einnig áhaldahús, framkvæmdasvið eða sérstakt dýraeftirlit.

Sé hundahald skoðað sérstaklega má sjá að þau skilyrði sem sett eru um hundahald eru í flestum tilfellum þau sömu í megindrátum. Gerð er krafa um skráningarskyldu hjá sveitarfélagi, örmerkjaskyldu (sem raunar er lögbundin), ábyrgðartryggingu, árlega ormahreinsun og að fylgja skilyrðum laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa óskað eftir frekari kynningu á tillögum stýrihópsins ef þær verða samþykktar og frekari samræmingu á samþykktum um gæludýrahald.

4. Margvísleg sjónarmið

Stýrihópurinn fundaði eins og áður hefur komið fram með ýmsum félagasamtökum sem láta sig velferð mismunandi tegunda dýra varða. Þá var einnig rætt við ýmsa sérfræðinga hjá ríki og borg varðandi ýmis álitamál. Margvísleg sjónarmið komu fram í þessum samtölum sem komið er inn á hér á eftir.

Hundar

Í máli hagsmunaaðila er tengjast málefnum hunda kom fram að miklar breytingar hafi orðið varðandi gæludýrahald í borginni frá þeim tíma þegar t.d. hundahald var alfarið bannað í Reykjavíkurborg og almennt ríkti sú skoðun að dýr ættu einungis heima í sveit en ekki í borg. Einnig koma fram í samtölum að töluverðar viðhorfsbreytingar hafa átt sér stað á undanförunum árum á sama tíma og gæludýrum hefur fjölgað mikið á höfuðborgarsvæðinu í heild sinni, ekki síst nú á tímum Covid faraldursins. Engar nákvæmar tölur liggja fyrir en fulltrúar hagsmunasamtaka áætluðu að um 40% borgarbúa ættu gæludýr. Séu tölur frá nágrannalöndunum skoðaðar má leiða að því líkum að hundar séu haldnir á a.m.k. níu þúsund heimilum í Reykjavík (*Fedíaf 2019*).

Fulltrúarnir voru á einu máli um að gæludýrahald væri orðinn eðlilegur hluti af nútíma borgarsamfélagi og sinna þyrfti bæði þörfum dýra og eigenda þeirra en á sama tíma tryggja að aðrir borgarbúar og umhverfið yrðu ekki fyrir neikvæðum áhrifum gæludýrahalds.

Aðrir punktar sem hafa komið fram frá hagsmunasamtökum hundaeigenda varðandi þjónustu borgarinnar eru:

- Hundagerði eru of fá og eru of lítil. Búnaður og viðhald er ófullnægandi.
- Lausagöngusvæði fyrir hunda virðist vera afgangsstærð og látin víkja fyrir öllu öðru.
- Lausagöngusvæði eru oft illa merkt, ekki er ljóst hvar má vera með hund lausan og hvar ekki, óskýrt er oft hver hefur forgang, t.d. á blönduðum stígum, svæðin eru ekki nógu aðgengileg fyrir bíllausa og þétting byggðar ógnar hundasvæðum.
- Samræmingu þarf á reglum varðandi hunda- og kattahald.
- Tillitsleysi hjólréiðamanna á blönduðum stígum.
- Skilti um hundahald oft óskýr eða vantar.
- Mjög flókið er að leysa út handsömuð dýr, ekki er hægt að borga kröfu í netbanka heldur þarf fyrst að skrá og ganga frá eyðublöðum í þjónustuveri á skrifstofutíma, sem er þá oft ekki fyrr en næsta dag, þannig að hundur þarf að gista í hundageymslu þrátt fyrir að eigandi hafi fundist.

Kettir

Köttum eins og hundum hefur fjölgað mikið í borginni, bæði heimilisköttum sem og eigandalausum köttum á borgarlandinu. Samkvæmt því sem næst verður komist (*Fedíaf 2019*) eru kettir algengustu gæludýrin í Evrópu og má ætla að svo sé einnig hérlendis. Sé fjöldi katta í Noregi notaður sem viðmið má reikna með að kettir séu á um 30% heimila og gæti því köttur verið á ríflega 16.000 heimilum í Reykjavík.

Kattaeigendur telja margir nauðsynlegt að sleppa köttum sínum út fyrir eigið heimili á meðan aðrir borgarbúar hafa áhyggjur af áhrifum þeirra á fuglalíf í görðum, matjurtarækt eða hreinlæti. Séu Facebook hópar í einstökum hverfum skoðaðir má sjá mikið fár vegna kattahalds með reglulegu millibili, ekki hvað síst um varptímann. Þannig er tilvist katta í þéttbýli mjög umdeild og umræða um málefni þeim tengdum mjög tilfinningaþrungin.

Reykjavíkurborg hefur lengi átt farsælt samstarf við Kattholt, sem sinnir umsjón með köttum sem þurfa nýtt heimili. Fleiri hagsmunasamtök hafa komið fram á síðari árum sem umhugað er um velferð dýra eins og Dýrahjálpi og Villikettir og átti hópurinn mjög uppbyggilegt samtali við fulltrúa þessara samtaka. Þessir aðilar voru allir á því máli að ábyrgt kattahald væri nauðsyn og vildu stuðla að því með starfsemi sinni.

Alkunna er að kettir geta unnið tjón á umhverfi sínu og er tegundin ofarlega á lista yfir ágengar tegundir sem hafa haft neikvæð áhrif á vistfræðilega fjölbreytni. Tegundin tengist raunar útdauða meira en 40 dýrategunda á heimsvísu (*Schmalensee, 2019*). Það er því afar mikilvægt að kattahald sé stundað af ábyrgð hér sem annars staðar og reynt eftir fremsta megni að draga úr neikvæðum áhrifum tegundarinnar á vistkerfið. Það er því mikilvægt að aðgerðir sem gripið er til í því skyni að tryggja velferð katta sem tegundar séu ekki til þess fallnar að auka neikvæð áhrif tegundarinnar á vistkerfið í heild sinni.

Villtir kettir eru í dag, að einhverju leyti a.m.k., skilgreindir sem meindýr. Mikilvægt er að gera greinarmun á köttum sem hafa týnst og hægt er að finna nýtt heimili og þeim köttum, sem aldrei hafa verið á heimili og fulltrúar hagsmunasamtaka telja útilokað að hægt sé að halda nokkurn tíma sem gæludýr. Mikilvægt er að þessum dýrum fjölgi ekki óhóflega, bæði getur það verið skaðlegt fyrir umhverfið, fuglalíf og vatnsvernd. Þá þarf að gæta dýravelferðar þar sem aðstæður á Íslandi geta verið mjög erfiðar fyrir slík dýr og ekki að ástæðulausu að í lögum um dýravelferð er lagt bann við sleppingu dýra sem alin eru í haldi manna út í náttúruna til ótímabundinnar dvalar þar.

Samtökin Villikettir hafa að undanförunum árum unnið að því að fækka villiköttum á mannúðlegan hátt í nokkrum sveitarfélögum með því að fanga þá, gelda fressketti og sleppa þeim aftur. Nú stendur yfir endurskoðun á þessari nálgun hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, m.a. á lögmæti þess að merkja ketti með því að klippa í eyru þeirra. Þá hafa bæði Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og Umhverfissráðuneyti komið fram með hörð andmæli gegn reglugerð frá sama ráðuneyti þessu tengdu sem staðið hefur til að leggja fram. Á meðan niðurstöður á lögmæti þessarar aðferðar liggur ekki fyrir af hendi ríkisvaldsins má segja að sveitarfélög séu í ákveðinni klemmu ætli þau að fara slíka leið við fækkun katta.

Mikillar óánægju gætti hjá hagsmunasamtökum katta með að þeir væru flokkaðir með meindýrum í Reykjavík á þann hátt að málefni þeirra heyrðu undir meindýravarnir borgarinnar.

Leggur hópurinn til að því verði hætt og málefni katta færast undir DÝR.

Í framhaldi af umræðum um hundagjöld var rætt um hvort gjaldtaka vegna eftirlits og skráningar annarra gæludýra væri álitlegur kostur. Var þar sérstaklega litið til katta. Með hliðsjón af þessu var litið sérstaklega til þess kostnaðar sem borgin hefur af kattahaldinu.

Má þar fyrst nefna sandskipti í sandkössum leikskóla borgarinnar þar sem kostnaður borgarinnar er hátt í 30 milljónir króna árlega. Kattaskitur í sandi er sérstakt heilbrigðisvandamál þar sem skíturinn getur innihaldið bogfrymli (*Toxoplasma gondii*), sníkjudýr sem valdið geta sýkingum í mönnum. Raunar er búið að fjarlægja vel flesta sandkassa á opnum leiksvæðum borgarinnar og má halda því fram að það hafi í sjálfu sér rýrt notagildi svæðanna. Föngun katta, geymsla, geldingar og aflifun hefur einnig kostað borgina umtalsvert. Þar má nefna 25% stöðugildi hjá meindýravörnum sem kostar nálægt 3 milljónum árlega auk leigu á aðstöðu og þjónusta dýralækna sem eru einnig um 3 milljónir. Borgin ber því árlega nálægt 40 milljóna kostnað af kattahaldi borgarbúa.

Kattagjald er óvída innheimt á Íslandi en það er þó gert á Akureyri og í sveitafélaginu Árborg. Á þessum stöðum virðast heimturnar á gjaldinu vera fremur dræmar.

Í samtölum stýrihópsins við fulltrúa úr samtökum tengd kattahaldi var lítill vilji fyrir slíku gjaldi. Það kom hins vegar skýrt fram þegar rætt var við hagsmunafélög tengd hundum að þeim þætti

jafnræðis ekki gætt í gjaldtökunni hvað varðar hunda annars vegar og ketti hins vegar. Miðað við hvernig skráningar hunda ganga er næsta víst að skráning og gjaldtaka katta verður erfið viðureignar nema viðhorfsbreyting í borginni eigi sér stað.

Það er mat stýrihópsins að gjaldtaka af kattahaldi sé ekki tímabær og myndi líklega ekki svara kostnaði eins og stendur. Hins vegar teljum við mikilvægt að unnið sé að ábyrgu kattahaldi í borginni til þess að lágmarka áhrif katta á annað dýralíf sem og önnur neikvæð áhrif sem þeir geta haft í borgarsamfélaginu. Nú þegar er til staðar skráningarskylda og skráningarkerfi fyrir ketti án þess að það hafi verið virkt. Mikilvægt er að DÝR fræði almenning um ábyrgt kattahald og hvetji til skráningar svo borgin hafi upplýsingar um tölfraði til að byggja sína þjónustu á.

Kanínur

Önnur tegund gæludýra sem borgarkerfið hefur ekki ávarpað mikið eru kanínur. Mikið er um kanínur innan borgarlandsins sem hefur verið sleppt í trássi við dýravelferðarlög og teljast nú til hálfvilltra dýra í skilningi laga. Þessar kanínur hafa fjölgað sér á hentugum stöðum. Stofnstærð þeirra er hins vegar óþekkt að mestu en verðugt verkefni væri að fylgjast með henni t.d. með árlegum talningum. Mörgum þykir vænt um að sjá kanínur í borgarlandinu og er mjög umhugað um velferð þeirra en á hinn bóginn eru þær öðrum til ama. Umhverfisráðuneytið hefur áhyggjur af útbreiðslu tegundarinnar hér á landi þar sem kanínur teljast til ágengra framandi tegunda og geta fjölgað sér mjög hratt og valdið ófyrirsjáanlegum skaða á vistkerfinu. Þá geta þær eins og önnur dýr skapað áhættu á vatnsverndarsvæðum. Mikilvægt er að miðla til almennings og þá sérstaklega kanínueiganda fræðslu um mögulega skaðsemi þeirra.

Hópurinn leggur til að skoðað verði sérstaklega hvort setja eigi sérstaka samþykkt um kanínuhald, eða hvort nægjanlegt sé að skerpa á reglum sem um tegundina gilda í samþykkt um gæludýrahald. Þá verði fræðslu um þessa tegund í borgarumhverfinu til almennings sinnt af DÝR.

Villt og hálfvillt dýr

Rætt var sérstaklega við fulltrúa Matvælastofnunar sem og ráðuneyti umhverfismála, um þennan þátt. Þar kom fram mikill vilji til þess að sveitarfélög skerptu á hlutverki sínu hvað þetta málefni varðar og kæmu fram með skýra verkferla.

Sveitarfélög bera samkvæmt 7. gr laga um dýravelferð nr. 55/2013 ríkar skyldur þegar kemur að villtum og hálfvilltum dýrum í þeirra landi. Í lögnum eru hálfvillt dýr skilgreind sem ómerkt dýr skv. 22. gr sömu laga sem ganga laus. Þetta eru þá eigendalaus dýr og afkvæmi þeirra sem koma upprunalega úr haldi manna s.s. kanínur og kettir. Lögin leggja einnig hjálparskyldu á einstaklinga og sveitarfélög ef villt eða hálfvillt dýr eru sjúk, slösuð eða í sjálfheldu. Gagnvart sveitarfélögnum á þetta við um öll dýr innan þess að undanskyldum dýrum af stofnum í útrýmingarhættu sem heyra undir ábyrgð umhverfisráðuneytis, t.d. hafarnir og fálkar.

Sveitarfélagi ber einnig skylda til þess að greiða fyrir kostnað sem af slíkri hjálp kann að hljóta t.d. ef borgarbúi kemur dýri til hjálpar og fer með til dýralæknis. Sveitarfélögin geta engu að síður sett sér reglur um slíkar endurgreiðslur en ekki er vitað til þess að svo hafi verið gert enn.

Húsdýragarðurinn hefur frá upphafi sinnt villtum dýrum í hremmingum og haft um það samvinnu við Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun og ráðuneyti umhverfismála. Garðurinn hefur hins vegar aldrei haft formlega aðkomu að þeim málum þegar borgin er annars vegar þótt borgarbúar hafi vissulega leitað þangað með slösuð dýr af eigin frumkvæði alla tíð.

Málefni dýra í hremmingum hafa verið í ólestri um langa hríð og hver bent á annan þegar björgun þeirra er annars vegar. Mikilvægt er að almenningur sem og viðbragðsaðilar geti gengið að skýru verklagi varðandi þau mál. Ábendingar komu frá fulltrúum hagsmunasamtaka um að kynna þyrfti mun betur fyrir borgurum hvernig bregðast ætti við þegar slösuð dýr eru annars

vegar. Mikilvægur þáttur í þessu samhengi er fræðsla um hvenær koma skuli dýrum til bjargar og hvenær ekki. Í mörgum tilfellum munu björgunaraðgerðir á dýrum gerðar af góðum hug ekki gera annað en að innsigla dauðadóm þeirra t.d. þegar ófleygum ungum er „bjargað“ úr náttúrunni. Í þessum málaflokki eru því sannarlega bæði tækifæri til fræðslu fyrir almenning og miklir möguleikar á að bæta um betur í velferðarmálum dýra.

Hópurinn leggur til að þessi málefni verði hjá DÝR sem vinni verkferla í samráði við helstu aðila um hvernig þessum málum skuli háttað í borginni með dýravelferð að leiðarljósi. Þá verði unnar verklagsreglur um endurgreiðslu kostnaðar. Loks verði fræðsla þessu tengd hluti af fræðsluframboði DÝR til almennings.

5. Nánari útfærsla tilagnanna

Tillaga 1 – Dýraþjónusta Reykjavíkurborgar DÝR

Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð og menningar- íþrótt- og tómsundaráð samþykki að sameina á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við gæludýr. DÝR skal annast utanumhald og umsýslu vegna skráningar dýra, fræðslu og upplýsingagjöf um gæludýr, dýrahald í þéttbýli og þær reglur sem um það gilda, föngun og vistun dýra í vanskilum, móttöku dýra í hremmingum, samskipti við aðrar stofnanir innan sem utan borgarinnar, dýraeigendur og hagsmunasamtök þeirra. Samhliða stofnun DÝR verður Hundaeftirlit Reykjavíkur lagt niður og málefni katta flutt frá meindýraeftirliti til DÝR. Jafnframt er samþykkt að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun DÝR og skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun, sem byggir á skýrslu stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr og þeim tillögum sem þar er að finna. Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, íþrótt- og tómsundasviðs og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er falið að vinna erindisbréf og skipa fulltrúa í starfshópinn.

Nánar um tillöguna:

DÝR vinnur að gerð verkferla um starfsemina í nánú samstarfi við HER, USK og aðra aðila innan sem utan borgarkerfisins sem að málefnum dýra, fræðslu og umhverfis kunna að koma og lagt er til að tilnefndir verði tengiliðir í samstarfsvettvang milli þessara sviða sem þarf að vera virk í a.m.k. 2 ár.

DÝR sinni fræðslu til almennings í málefnum tengdum dýrahaldi og samkvæmt samþykktum sem um dýrahald kann að gilda hverju sinni. Þá stuðlar DÝR að auknum samfélagslegum skilningi og þekkingu á dýrahaldi í þéttbýli og vinnur með fræðslu að því að skapa aukna sátt um slíkt dýrahald.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur eftirlit með starfsemi DÝR í samræmi við lög og reglur en auk þess er Matvælastofnun (MAST) eftirlitsaðili með starfseminni. DÝR áframsendir mál til HER þar sem þörf er á þvingunarferli í samræmi við samþykktir eða lög. DÝR ber engu að síður, líkt og aðrir, tilkynningarskyldu til MAST þegar um brot á dýravelferðarlögum er að ræða.

Daglegt utanumhald um skráningar dýra, málaskrá, skjölun, kvartanir og eftirfylgni er í höndum DÝR.

DÝR hefur að öðru leyti að leiðarljósi að reyna eftir fremsta megni að leysa úr vandamálum sem upp kunna að koma varðandi dýrahald með fræðslu og leiðsögn.

DÝR taki þátt í uppbyggingu samfélags dýraeigenda í borginni m.a. með miðlun upplýsinga og fræðslu á sameiginlegum vettvangi t.d. á samfélagsmiðlum eða með appi. Föngun lausra dýra í samræmi við samþykktir verður í höndum DÝR og verða dýrageymslur fyrir skammtíavistun


staðsettar í FHG. DÝR getur samið við aðra aðila s.s. félagasamtök um langtímageymslu dýra, ættleiðingar sem og þátttöku í öðrum verkefnum eftir atvikum.

DÝR veitir villtum og hálfvilltum dýrum í hremmingum innan borgarmarkanna aðstoð og móttöku og setur sér verkferla í því samhengi sem og reglur um endurgreiðslur sbr. lög 55/2013.

DÝR innheimtir f.h. Reykjavíkur gjöld af dýrahaldi þar sem það á við í samræmi við samþykktir og hefur af þeim tekjur.

DÝR

Stjórnsýsluskipulag



SamstarfRVK

Skóla- og frístundasvið (SFS)
Er samstarfsaðili DÝR t.d. varðandi fræðslu um dýr í Húsdýragarði sem og um gæludýrahald.

Umhverfis- og skipulagssvið (USK)
Er samstarfsaðili DÝR t.d. varðandi villt- og hálfvillt dýr á opnum svæðum, hundagerði ofl. mál í borgarlandinu.

Önnur svið, skrifstofur og stofnanir innan RVK
Samstarf á ólíkum sviðum t.d. varðandi kynningarmál, almenningsfræðslu, UT-mál og þróun nýjunga.

SamstarfRíki

Matvælastofnun (MAST)
Er samstarfsaðili DÝR sem og eftirlitsaðili varðandi mjög margt sem viðkemur dýramálum.

Náttúrufræðistofnun (NFSÍ)
Er samstarfsaðili DÝR í verkefnum sem tengjast villtum dýrum í hremmingum af válistastofnum.

Lögreglan
DÝR aðstoðar lögreglu við handsömun dýra og tekur við dýrum í neyð innan borgarmarkanna.

SamstarfAðrir

Dýravelferðarsamtök Styrkir
Ýmis samtök og félag sem láta sig dýravelferð varða geta sótt um styrki sem afgreiddir eru af heilbrigðisnefnd.

Dýravelferðarsamtök Samstarf
DÝR gerir samninga við einstök félag/samtök um þjónustu t.d. fóstrun og ættleiðingu hunda og katta.

Almenningur
DÝR hefur samskipti og samstarf við almenning í gegnum móttöku, skráningu og fræðslu og stuðlar að bættu dýrahaldi í þéttbýli.

Tillaga 2 – Frístundaiðkun og lýðheilsa

Lagt er til að við gerð aðal- og deiliskipulags verði hugað sérstaklega að því að tryggja aðgang íbúa að opnum svæðum þar sem hægt er að stunda uppbyggilega útivist með hunda. Hundahald verði skilgreint sem frístundaiðkun og lýðheilsumál hundaeigenda og aðstaða hunda sem dýravelferðarmál. Átak verði gert til að bæta hundasvæði m.a. með uppsetningu leiktækja í samráði við hundaeigendur. Gert verði tilraunaverkefni með lausagöngu á ákveðnum tímum á fleiri stöðum í borginni, sérstaklega þar sem ekki er aðgangur að lausagöngusvæði eða hundagerði í göngufjarlægð. Merkingar verði yfirfarnar og bættar sem og yfirlitskort og leiðbeiningar.

Tímaáætlun: 2020-2022

Kostnaður: 2,0 milljónir í leiktæki á núverandi lausagöngusvæðum, 6,0 milljónir í að bæta og stækka núverandi hundagerði. Tvö ný hundagerði eru nú þegar í framkvæmd á þessu ári í Grafarvogi og á Kjalarnesi.

Tillaga 3 – Endurskoðun samþykktar um dýr

Lagt er til að farið verði í endurskoðun á samþykktum Reykjavíkurborgar um gæludýrahald nr. 404/2005 um kattahald í Reykjavík, nr. 794/2005 um hundahald í Reykjavík, nr. 478/2012 um hæsnahald 815/2014 í samræmi við þær breytingar sem hér eru lagðar fram í málaflókknunum og ábendingar í 5. kafla um nánari útfærslu tillagnanna. Þessi vinna fari fram í samráði við sérfræðinga sem og hagsmunaaðila. Þá verði skoðað sérstaklega hvort ástæða sé til þess að útbúa sérstakar samþykktir um annað dýrahald t.d. kanínu- og býflugnahald.

Tímaáætlun: 2021

Kostnaður: Enginn

Tillaga 4 - Einföldun skráningarkerfis

Lagt er til að komið verði á fót aðgengilegu rafrænu skráningarferli fyrir skráningarskyld dýr á vefnum og tenging þess við önnur dýraskráningarkerfi verði skoðuð sérstaklega. Með tilkomu þessa kerfis verði leyfis skylda hunda afnumin en skráningarskyldu komið á í staðinn. Önnur dýr skulu skráð í samræmi við ákvæði samþykktar. Innheimta gjalda verði jafnframt einfölduð með rafrænum hætti.

Greinargerð

Gert er ráð fyrir að komið verði á rafrænu skráningarkerfi dýra í samræmi við ákvæði samþykktar. Sú breyting fylgir þessu að tillagan gerir ráð fyrir að í stað þess að eigendur hunda þurfi að sækja um og fá leyfi fyrir þeim, eins og er í dag, verði komið á skráningarskyldu sem feli í sér að hundahald sé heimilt að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði laga, reglna og samþykktar þar um. Skilyrðin komi fram með skýrum hætti í skráningarkerfinu og eigandi staðfesti að þau séu uppfyllt í skráningarferlinu. Með þessum hætti verði skráning gerð einfaldari og aðgengilegri eigendum dýra en að sama skapi náist fram hagræðing í rekstri. Gert er ráð fyrir að þetta verði unnið í samráði við og/eða á ábyrgð þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) sem heldur utan um framkvæmd þjónustustefnu borgarinnar og rafrænar lausnir.

Tímaáætlun: 2021

Kostnaður: Verkefni tengt rafrænni sjálfsþjónustu hjá Reykjavíkurborg

Tillaga 5 – Hundagjald og skráning

Lagt er til að hundagjald verði bæði lækkað og einfaldað og tekjur af því renni til DÝR í stað HER.

Greinargerð

Með stofnun DÝR er gert ráð fyrir að þjónusta við hundaeigendur og aðra dýraeigendur verði eflað með aukinni áherslu á fræðslu og upplýsingagjöf. Fríðindi fylgi því að skrá hundinn sinn, t.d. lægra eða ekkert handsömunargjald. Miðlæg ábyrgðartrygging gagnvart tjóni þriðja aðila verði áfram innifalin í gjaldinu. Kannaður verði sérstaklega fýsileiki þess að bjóða skráðum hundaeigendum miðlæga sjúkratryggingu með svipuðum hætti og gildir nú um ábyrgðartrygginguna.

Gert er ráð fyrir að hundahald verði heimilt í Reykjavík að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkt sem og öðrum lögum og reglugerðum. Í skráningu um hundahald verði umsækjanda leiðbeint um hvaða samþykktir, lög og reglur séu forsenda hundahaldsins og umsækjandi látinn staðfesta að slík skilyrði séu uppfyllt í samræmi við nánari útfærslu tillögunnar í 5. kafla skýrslunnar, sbr. einnig tillögu um að koma á fót rafrænu skráningarkerfi.

Tímaáætlun: 1. janúar 2021

Kostnaður: Tekjur af hundahaldi verði láttnar mæta kostnaði.

Nánar um tillöguna:

Stýrihópurinn skoðaði sérstaklega ýmsa þætti tengda hundahaldi út frá ýmsum sjónarmiðum.

Gjaldtaka og rekstur

Samkvæmt gjaldskrá um hundahald í Reykjavík nr. 1189/2016 með stoð í lögum nr. 7/1998 er hundagjaldi ætlað að standa undir kostnaði sem hlýst af skráningu og eftirliti tengdu hundahaldi.

Sömu lög veita einnig sveitarfélögum heimild til þess að leggja sambærileg gjöld á vegna kostnaðar sem fellur til sökum annars gæludýrahalds. Lög nr. 7/1998 gera ekki ráð fyrir að kostnaður sem hlýst af gæludýrahaldi borgarbúa sé greiddur af almennu útsvari heldur einungis af eigendum gæludýranna. Í samtölum við hagsmunaaðila í hundasamfélaginu kom ekki fram sérstök krafa um að hundagjöld yrðu felld niður, mun frekar ósk um að það sem gert sé fyrir þau sé sýnilegra og feli í sér þjónustu við eigendur og hunda.

Lögin sem gjaldtakan byggir á, gera í sjálfu sér ekki ráð fyrir að innheimt gjöld vegna dýrahalds séu nýtt sérstaklega í þjónustu við eigendur dýranna sem þau lúta að. Þeim er eingöngu ætlað að mæta þeim raunverulega kostnaði sem viðkomandi sveitarfélag ber af dýrahaldinu. Sveitarfélögin skipta gjöldunum oftast í skráningargjald annars vegar og eftirlitsgjald hins vegar. Það má því segja að slík gjöld séu hugsuð til þess að þjónusta samfélagið í heild og þá ekki síður til þess að gæta hagsmuna þeirra sem ekki eru dýraeigendur.

Í samanburði við önnur stærri sveitarfélög eru hundagjöld í Reykjavík með þeim hæstu, sé ekki tekið tillit til afsláttar. Þá eru handsömunargjöld í hærri kantinum. Því skal haldið til haga að í Reykjavík er rekstur á bak við hundagjöldin, sem er víða ekki staðan og spurning hvernig tekjum er varið. Mörg sveitarfélög gefa þeim hundaeigendum afslátt sem sótt hafa námskeið um hundahald í viðurkenndum hundaskólum. Í Reykjavík er heimilt að veita allt að 50% afslátt af eftirlitsgjöldum vegna þessa og hefur sú heimild verið fullnýtt. Þetta fyrirkomulag hefur hlotið gagnrýni sem byggir meðal annars á þeim rökum að það sé óeðlilegt að sveitafélag skuli umbuna borgurum fyrir viðskipti við einstaka aðila. Einnig hefur verið nefnt að þar sem slík námskeið eru almennt kostnaðarsöm er fjárhagslegt aðgengi að þeim misgott sem geti leitt til þess að fólk sé mismunað vegna efnahags. Þar að auki hefur verið bent á að fólk getur átt

marga hunda um ævina en til að halda áunnum réttindum til afsláttar þurfi það fólk því að sækja sama námskeiðið að óþörfu. Loks er ljóst að kerfið verður flóknara fyrir vikið. Til stuðnings þessu hefur hins vegar verið bent á að námskeiðið tryggji frekar ábyrgari og hæfari hundaeigendur og betri tengsl milli hunds og eiganda.

Tekjur vegna hundagjalda í Reykjavík hafa farið lækkandi þar sem sífellt fleiri hundaeigendur hafa sótt námskeið með hund sinn og njóta afsláttar. Því hafa tekjur vegna hundagjalda ekki staðið undir rekstrinum undanfarin ár. Þess fyrir utan hafa hundagjöld ekki hækkað síðan 2016 í samræmi við vísitölu og hafa gjöldin því lækkað að raunvirði um 13% á tímabilinu. Í ársreikningi hundaeftirlits fyrir árið 2019 sést að innheimt gjöld (skráningar- og eftirlitsgjöld) námu um 29 milljónum á meðan að rekstrarkostnaður eftirlitsins var um 43 milljónir. Þannig var halli upp á um 14 milljónir af rekstrinum. Með flutningi yfir til DÝR er áætlað að hægt sé að lækka beinan rekstrarkostnað við hundaeftirlitið niður í um 30 milljónir, þ.e. að stöðugildi vegna þess verði 2 í stað 3,3 nú og samlegðaráhrif með annarri starfsemi Húsdýragarðsins vegi þar upp á móti. Þannig þurfi ekki að hafa tvær stöður hundaeftirlitsmanna þar sem eftirlitsmaður auk fjögurra dýrahirða Húsdýragarðsins deili störfunum sína á milli. Annað stöðugildið sem flyst yfir til DÝR sinnir þá fyrst og fremst skráningum og nauðsynlegri þjónustu við hundaeigendur og aðra íbúa.

Próun tekna af hundagjöldum		
Ár	Hundagjöld	Lækkun milli ára
2015	34.309.578	
2016	33.777.049	532.529
2017	33.353.795	423.254
2018	32.458.570	895.225
2019	29.883.122	2.575.448
2020	29.705.885	177.237

Þrátt fyrir þá vegferð sem hundagjöldin eru á og lýst er hér að ofan leggur stýrihópurinn engu að síður til að hundagjöld verði lækkuð. Gerð verði tilraun til þess að fjölga skráðum hundum með sérstöku átaki til þess að vega upp á móti því tekjutapi sem óhjákvæmilega hlýst af þeirri lækkun. Þar verði horft til þess hagræðis sem ætlunin er að ná fram með einfaldara skráningaferli og auknum samlegðaráhrifum innan DÝR.

Annar kostur væri sá að halda gjöldunum óbreyttum sem hefur reynst ósjálfbært vegna fjölda óskráðra hunda. Þriðji kosturinn væri að hækka gjöldin til samræmis við raunkostnað af kerfinu, sem enn síður yrði hvati til frekar skráninga.

Skráningarmál

Skráðum hundum í Reykjavík hefur lítið fjölgað á undanförunum árum á sama tíma og augljóst er að hundaeign hefur farið vaxandi. Það hefur þó reynst erfitt að sannreyna fjölda hunda sem og fjölda annarra gæludýra í borginni þar sem örmerkjaskrá Dýraauðkennis er ekki aðgengileg sveitarfélögunum og ekki vitað hvernig hún er uppfærð né hvort hundaeigendur almennt skrái dýr sín í hana. Segja má að þetta sé mjög bagalegt þar sem þessi grunnur er sá eini sem nær yfir landið allt og undarleg nálgun að sveitarfélög sem sannarlega hafa lögvarða hagsmuni af því að þekkja fjölda dýra innan sinna marka hafi engan aðgang að kerfinu, utan þess að geta flett upp eiganda einstakra dýra sé örmerki þess þekkt. Grunnurinn, sem rekinn er af einkahlutafélagi í eigu Dýralæknafélags Íslands, byggir tilvist sína hins vegar á reglugerð um velferð gæludýra nr. 80/2016 þar sem Matvælastofnun er leyfisveitandi. Þetta fyrirkomulag hefur orðið til þess að sveitarfélögin reka flest sína eigin gagnagrunna yfir hunda og ketti með

tilheyrandi kostnaði og óskilvirkni. Erfitt er að sjá hvernig þetta fyrirkomulag á að stuðla sérstaklega að velferð dýra eins og gengið er út frá í reglugerðinni. Mikil bót væri strax fólgin í því að sveitarfélög gætu fengið skýrslur úr grunninum um fjölda skráðra dýra í sveitarfélagi þótt ekki fylgdu þeim persónugreinanlegar upplýsingar.

Séu rannsóknir á gæludýrahaldi hérlandis hins vegar skoðaðar má leiða að því líkum að hundahald í Reykjavík sé orðið álíka algengt og í nágrennalöndunum (*Jónsdóttir, 2013*). Í rannsókn á hundahaldi í Reykjavík (*Kristjánsdóttir o.f.l., 2007*) þar sem viðtöl voru tekin við hundaeigendur var vel innan við helmingur viðmælenda með skráða hunda. Sé gert ráð fyrir að hér sé hundahald með svipuðum hætti og í Noregi má reikna með að hundur sé haldin á um 17% heimila (*Fediaf, 2019*). Samkvæmt þessu eru því hundar á a.m.k. 9000 heimilum í Reykjavík, stundum fleiri en einn. Einungis ríflega 2000 hundar eru hins vegar á skrá í Reykjavík í augnablikinu.

Hundahald og sátt um hundahald almennt hefur batnað mikið gegnum árin eins og t.d. fækkun lausagönguhunda ber með sér þrátt fyrir aukna hundaeign. Þetta tengist án efa að hluta tilkomu samfélagsmiðla þar sem samfélag hundaeigenda er öflugt við að finna eigendur óskilahunda. Þá getur einnig verið að umburðalyndi gagnvart hundahaldi hafi aukist með breyttu samfélagi. Meginverkefni hundaeftirlitsins í dag felst í að taka við ábendingum um óskráða hunda sem og að fá óskráða hunda á skrá og sinna afskráningum á móti.

Með þessa vitneskju í farteskinu um fjölda óskráðra hunda og ósjálfbærni kerfisins til framtíðar er einsýnt að breyta kerfinu með það að markmiði að fá fleiri hunda á skrá. Þá teljum við bestu lausnina varðandi skráningu og utanumhald gæludýra í þéttbýli felast í samstarfi sveitarfélaga og Dýraauðkennis um rekstur gagnagrunns í stað núverandi ástands þar sem aðilar vinna hver í sínu horni við að halda skrár um sömu dýr.

Loks má við þetta bæta að nú fer fram þróunarvinna í tengslum við stafrænt Ísland í gegnum gáttina island.is um miðlægan aðgang að stjórnsýslunni. Þannig liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda tillögur að breytingum á lögum um Hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem opnað er á það að fólk geti í sótt um ýmis leyfi í gegnum gáttina s.s. hundaleyfi.

Leyfisveiting, heilsa og tryggingar

Skoðuð var sú rannsóknarvinna sem sveitarfélög virðast hafa tekið upp og varðar samþykki annarra íbúa í fjöleignarhúsum fyrir dýrahaldi þar. Þar á sér stað söfnun undirskrifta fjölda fólks og áreiðanleikakönnun þeirra, ferill sem getur verið æði tímafrekur. Miðað við lögin er það klárlega á ábyrgð eiganda gæludýrs að afla samþykkis meðeigenda og í valdi húsfélags að grípa til ráðstafana séu dýrin haldin í óleyfi.

Lagt er til að í umsóknum um dýrahald verði látið nægja að upplýsa gæludýraeigendur þegar þeir skrá dýr sín um ákvæði fjöleignahúsalaga ásamt hollustuháttalöggjöfinni og fara fram á staðfestingu viðkomandi að hann uppfylli kröfur þeirra.

Á fundi með Matvælastofnun kom fram að dýralæknar væru farnir að hafa áhyggjur af endurtekinni óþarfa sníkjudýrahreinsun. Stafa áhyggjurnar af auknu ónæmi sníkjudýra fyrir algengum sníkjudýralyfjum á markaði sem kallað getur á vandamál síðar líkt og á sér stað varðandi sýklalyfjanotkun.

Lagt er til að í stað árlegrar orma/sníkjudýrahreinsunar hunda verði farið fram á árlega heilbrigðisskoðun dýralæknis og það verði í hans höndum að meta þörfina á lyfjagjöf.

Stýrihópurinn skoðaði sérstaklega ábyrgðartryggingu hunda og hvort æskilegt væri að slík trygging væri keypt miðlægt af sveitarfélagi eða væri einungis skilyrði fyrir hundahaldinu. Heimild er í lögum fyrir því að setja reglur um ábyrgðartryggingu dýra inn í samþykktir, en með hvaða hætti það er gert er ekki tiltekið nánar. Flest sveitarfélög landsins kaupa raunar slíka

miðlæga tryggingu en undantekningu má finna t.d. á Akureyri. Þar er fólki gert að kaupa slíka tryggingu hjá tryggingarfélagi og framvísa skírteini því til staðfestingar. Reykjavíkurborg kaupir miðlæga tryggingu, sem kostar tæplega 7 milljónir króna árlega, eða um 3.000 krónur á hvern skráðan hund. Hundagjöld eru fyrir vikið lægri á Akureyri en víðast hvar, en líklegt má telja að þegar upp er staðið sé kostnaður hundaeigenda meiri þar sem miðlægu ábyrgðartryggingarnar eru tiltölulega ódýrar miðað við stakar tryggingar. Matvælastofnun sem og sérfræðingur borgarinnar í tryggingamálum mæla þó frekar með miðlægri tryggingu þar sem það tryggi fremur öryggi þriðja aðila sem fyrir tjóni kunni að verða. Slíkt á þó einungis við um skráða hunda en ekki óskráða.

Þótt tjónamál tengd hundum séu fátíð er engu að síður lagt til að áfram verði keypt miðlæg trygging fyrir skráða hunda í Reykjavík og skráðum eigendum verði kynnt frekar hvað í slíkri tryggingu felst.

Einföldun skráningarkerfis – tillögur að úrbótum

Áskorun varðandi hundaskráningar er í raun tvíþætt:

- Rafrænar umsóknir: minnka þarf villuhættu og innslátt.
- Minnka þarf umsýslu, t.d. merki og bakfærslur.

Umsókn kemur inn	
Núverandi ferill	Úrbætur
<ol style="list-style-type: none"> 1. Hundaeigandi (hér eftir HE) kemur í þjónustuver Reykjavíkurborgar, füllir út umsókn á pappír og skilar inn fylgigögnum (ljósmynd af hundi, ormahreinsunartorði; og skírteini frá hundaskóla og samþykki í fjöleignarhúsi þegar það á við) 2. HE greiðir skráningargjald 20.800 kr. 3. HE þarf að koma aftur eða senda tölvupóst ef einhver gögn vantar. 4. Einnig má senda umsókn og fylgigögn í tölvupósti en skrifstofufulltrúi sendir þá kröfu fyrir skráningargjaldinu á heimabanka. 	<p>Rafrænt skráningarkerfi, þ.e.</p> <ul style="list-style-type: none"> → HE getur sent inn umsókn að heiman → HE fær rafræna staðfestingu á að skráning hafi verið móttækin. → Allar upplýsingar teknar beint úr þjóðskrá og/eða dýraauðkenni. → Færri atriði fyrir HE að fylla út. → Ekki er skylda að senda inn ljósmynd. → Örmerki verður að fylgja. → Hætta að biðja um ormahreinsunartorð → Skráningargjald: HE gengur frá skráningargjaldi í skráningarkerfinu, t.d. setur inn kortanúmer, fær greiðsluseðil eða borgar með PEI, AUR o.s.frv. Verður að tala beint við Agresso. → Þarf að skoða útfærslur, island.is, dýraskráningar íslands eða sérkerfi, eða tengt við Hlöðuna. Mögulega er Dýraauðkenni ekki heppilegt þar sem hann er ekki uppfærður nægilega oft.
Úrvinnsla umsóknar innanhúss	
<ol style="list-style-type: none"> 1. Umsókn kemur í innanhúspósti frá þjónustuveri og endar í bakka sem hundaeftirlit tæmir 1-2 á dag. 2. Umsókn prentuð út eða skönnuð inn, fer eftir hvort hún komi á tölvupósti eða á pappír. 3. Mál stofnað í Gopro, allar upplýsingar á umsókn settar inn handvirk. Umsókn ásamt fylgigögnum hengt við málið/umsóknina. 4. HE flett upp í þjóðskrá og fasteignaskrá, kannað hvort um er að ræða íbúð í fjölbýli 	<p>Rafrænt skráningarkerfi, þ.e.</p> <ul style="list-style-type: none"> → mál stofnast sjálfkrafa með öllum upplýsingum úr umsókninni → þarf ekki að prenta út eða skanna þar sem allt er til í kerfinu (bara hægt eftir að Hlaðan kemur, þangað til þarf að eiga öll gögn á pappír) → þarf áfram að kalla eftir gögnum sem vantar eða eru ófullnægjandi, en þó minni

<p>með sameiginlegan inngang eða sérbylí/íbúð með séringangi. Ef um er að ræða fjölbylí þarf að fara yfir hvort samþykkin nái 2/3 eigenda.</p> <p>5. Kallað eftir gögnum, t.d. undirskriftum valinkunnra manna, samþykki í fjölbylí, staðfesting á hundaskóla, þegar þau vantar. Umsókn fer þá á bið og getur legið þar lengi, ábyrgðin liggur hjá hundaeiganda að skila inn gögnum.</p>	<p>líkur á því ef rafræna umsóknakerfið gerir ákveðin atriði að skylduútfyllingu.</p> <p>→ Ekki þarf lengur að skila inn samþykki sameigenda. Ábyrgðin er hjá HE að uppfylla löggjöf um fjöleignarhús.</p> <p>→ Hætta að óska eftir undirskriftum valinkunnra manna sem og staðfestingu frá hundaskóla og hafa sama gjald fyrir alla. Umbuna þarf þeim sem standa sig vel en gera kröfu um hundaskóla í sérstökum tilvikum.</p>
<p>Eftirmáli</p>	
<p>1. Einu sinni í mánuði er útbúinn listi yfir allar nýjar hundaleyfisumsóknir fyrir fund umhverfis- og heilbrigðisráðs. Nöfn hundaeigenda, lögheimili og leyfisnúmer er handpikkað inn í word-skjal.</p> <p>2. Hundamerki með nafni pöntuð hjá Stimplum ehf. með tölvupósti. Merkin koma 3-4 vikum seinna (sótt af hundaeftirlitsmanni).</p> <p>3. Leyfisbréf útbúin út frá excelskjali með mail-merge (áður voru skírteini sem voru gerð handvirkt og svo plöstuð í plöstunarvél).</p> <p>4. Leyfisbréf, nafnamerki og ársmerki sett í umslög og sent með bréfpósti til HE.</p>	<p>→ þegar Hlaðan kemur verður væntanlega hægt að taka út þessa hundalista með nokkrum smellum. Hætta að leggja fyrir ráðið listana.</p> <p>→ Hætta að vera með hundamerki með nafni og setja skilyrði um að hundur sé merktur með símanúmeri. Færa ábyrgðina yfir á HE.</p> <p>→ Hætta að senda út ársmerki (Sjá 11. gr. í hundasamþykkt)</p> <p>→ Hætta að senda út leyfisbréf, frekar senda rafræna tilkynningu um leið og öll umbeðin gögn hafa borist og eru fullnægjandi að mati Hundaeftirlits (gæti verið tölvupóstsníðmát í Hlöðunni sem tekur allar upplýsingar sjálfkrafa úr málinu).</p>
<p>Úrvinnsla umsóknar gagnvart hundaeiganda</p>	
<p>Ef umsókn er skilað á pappír í þjónustuver:</p> <p>1. HE biður eftir merki og leyfisbréfi í pósti (getur tekið 3-7 vikur)</p> <p>2. HE sem skilar inn umsókn í þjónustuver fær aldrei staðfestingu á að allt sé í lagi fyrr en ofangreind gögn berast, þ.e. hundaleyfisbréf.</p>	<p>Rafrænt umsóknakerfi:</p> <p>→ HE fengi staðfestingu um að umsókn/skráning hafi verið móttækin og leyfi hafi tekið gildi, nema gögn séu ófullnægjandi</p>
<p>Árlegt eftirlitsgjald og ársmerki</p>	
<p>→ Gjaldldagi eftirlitsgjalds er 1. apríl ár hvert.</p> <p>→ Eindagi er 1. maí ár hvert.</p> <p>→ 10 dögum eftir eindaga sendir RVK-borg ítrekun í bréfpósti á þá HE sem hafa enn ekki greitt. Og svo lokaviðvörðun.</p> <p>→ 20 dögum eftir eindaga fer krafan í innheimtu hjá Momentum. Þrjár viðvaranir, eftir það fer málið í löginheimtu hjá Gjaldheimtunni.</p> <p>→ Eftir eindaga eru ársmerki send út í bréfpósti, samtals um 3000 stykki.</p>	<p>→ Hætta að senda út ársmerki (Sjá 11. gr. í hundasamþykkt)</p> <p>→ Hafa 2 gjalddagar en engar endurgreiðslur ef hundur fer úr kerfi</p>
<p>Bakfærslur og endurgreiðslur</p>	
<p>1. HE sendir inn tilkynningu um aflifun/flutning á tölvupósti. (Stundum kemur þetta beint frá dýralækni, en þó eingöngu ef HE biður um það)</p>	<p>→ Hætta með bakfærslur og endurgreiðslur. Sparar öll skrefin hér fyrir framan. Ef gjaldið er nógu lágt þá er hægt að líta á þetta sem sokkinn kostnað. Sbr. allar áskriftir.</p>

<ol style="list-style-type: none"> 2. Hundur afskráður í kerfi og frumrit af umsókn sent í skjalaver. 3. Ef óskað er eftir bakfærslu/endurgreiðslu þarf HE að taka það sérstaklega fram. 4. Ef reikningur er ógreiddur er hann bakfærður. 5. Ef ógreiddur reikningur er kominn 20 daga yfir eindaga þegar beiðni um bakfærslu berst þarf skrifstofufulltrúi að senda sérstaka tilkynningu á Momentum um að fella niður kröfuna. 6. Ef reikningur er greiddur þarf HE að senda okkur reikningsupplýsingar. Skrifstofufulltrúi útbýr þá inneign fyrir endurgreiðsluupphæðinni (endurgreitt í heilum mánuðum). Tölvupóstur sendur á gjaldkera RVK-borgar um millifærslu. 	<p>➔ Bæta samstarf við dýralækna, eða dýrauðkenni, t.d. skylda þá til að senda okkur vottorð vegna aflífana (með örmerkingarnúmeri).</p>
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Tillaga 6 - Samstarf við frjáls félagasamtök

Lagt er til að stofnaður verði sérstakur sjóður þar sem félagasamtök og aðrir sem láta sig dýravelferð varða geta sótt um styrki. DÝR veitir umsögn um styrkbeiðnir.

DÝR hafi umboð til að bjóða út einstaka þjónustubætti sem og að gera þjónustusamninga við utanaðkomandi aðila, t.d. félagasamtök. Þar má nefna sérstaklega langtímavörslu og ættleiðingu óskiladýra sem og önnur verkefni sem eru til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum af dýrum í borgarlandinu og/eða stuðla að aukinni dýravelferð.

Tímaáætlun: Frá 2021

Kostnaður: 3,0 milljónir í þjónustusamninga, 3,0 milljónir í styrktarsjóð

Tillaga 7 – Fræðsla, ábyrgð og skyldur

DÝR grundvalli starfsemi sína m.a. á fræðslu og leiðsögn um dýrahald í þéttbýli og velferð dýra. Í því skyni verði gert átak í að kynna réttindi og ábyrgð gæludýraeigenda sem og þau áhrif sem gæludýrahald getur haft á umhverfið. Þar skal sérstaklega horft til verndar lífríkis og líffræðilegs fjölbreytileika innan borgarinnar s.s. fuglalífs auk vatnsverndar. Þá skal starfsemi DÝR kynnt í því skyni að auka skráningar skráningarskyldra dýra.

Tímaáætlun: 2021

Kostnaður: 3,0 milljónir

Tillaga 8 – Öryggi á á blönduðum stígum

Lagt er til að við hönnun og gerð göngu- og hjólastíga verði gert ráð fyrir möguleikum hundaeigenda til að samnýta stíga með öðrum notendum þeirra. Við gerð hjólreiðaáætlunar og annarar stefnumótunarvinnu þarf að huga að öryggi hunda og hundaeigenda. Lagt er til að vísa þessu inn í vinnu starfshóps um hjólreiðaáætlun.

Tímaáætlun: Haust 2020

Kostnaður: enginn

6. Niðurlag

Gæludýrahald verður sífellt mikilvægari þáttur í nútíma borgarsamfélagi og fylgja því margir kostir en einnig ýmsar áskoranir. Aukinn fjöldi gæludýra kallar á ábyrgt dýrahald þar sem jafnvægi ríkir á milli hagsmuna dýra, eigenda þeirra og þeirra sem ekki eiga dýr. Liður í því er uppbygging samstarfs við grasrótarsamtök í málaflokknum þar sem yfirvöld hafa tækifæri til að

ná fram bættu samfélagi dýra og manna með samtali. Margir sjá dýrahald sem lýðheilsุมál og mikilvægan þátt í því að draga úr einangrun fólks, stuðla að vellíðan þess og útivist. Mörgum eldri borgurum þykir til dæmis þungt skref ef þeir þurfa að losa sig við gæludýrin sín þegar þeir flytja í þjónustuíbúðir en þá er mikilvægt að okkar mati að borgin setji sér ekki reglur sem ganga almennt lengra, í að takmarka dýrahald í eigin húsnæði en lög og reglur heimila.

Auknar kröfur eru gerðar til borgarinnar um bættu þjónustu við dýr og eigendur þeirra og það sama gildir um löggjöf um dýravelferð sem einnig felur í sér auknar kröfur bæði til dýraeiganda og sveitarfélaga. Góð yfirsýn yfir málaflokkinn er grundvöllur þess að hægt sé að vinna að honum með markvissum hætti öllum til hagsbóta. Í því felst m.a. að hafa marktæka yfirsýn yfir fjölda skráningarskyldra gæludýra sem og útbreiðslu hálfvilltra- og villtra dýra. Loks er mikilvægt að borgin taki af festu á þeirri skyldu sinni sem mörkuð er í lögum um dýravelferð og felst m.a. í hjálparskyldu við villt og hálfvillt dýr í neyð.

Stýrihópurinn skoðaði dýrahald frá mörgum hliðum, með sérstakri áherslu á hunda- og kattahald, skráningar- og gjaldamál auk málefna dýra í neyð. Rætt var við mikinn fjölda fólks, starfsmenn borgarinnar, fulltrúa hagsmunasamtaka, sérfræðinga á stofnunum og ráðuneytum og marga aðra sem koma að málefnum dýra.

Stýrihópurinn telur að með þeim tillögum sem hér eru lagðar fram sé hægt að bæta þjónustu borgarinnar við eigendur gæludýra, skapa aukna sátt um gæludýrahald í borgarsamfélaginu og síðast en ekki síst stuðla að aukinni velferð dýra í Reykjavík.

Heimildir:

Arngerður Jónsdóttir (2015). Það er ákveðin hamingja í þessu. *Upplifun og reynsla barna af hundum sem gæludýrum*. MA. ritgerð. Háskóli Íslands.

Eva Dögg Kristjánsdóttir og Karl Benediktsson (2007). *Hundalíf í Borg. Reykjavík sem rými dýra og manna*. Ritið Landabréf.

Menja von Schmalensee (2019). Heimiliskötturinn - Besti vinur mannsins en ógn við fuglalíf? Tímaritið fuglar no.12.

The European Pet Food Industry Federation. (2019). *Fact & figures 2019*. Sótt 26. sept 2020 af <http://www.fediaf.org/facts-figures/>.

Wells, D. L. (2009). *The effects of animals on human health and well-being*. Journal of Social Issues, 65(3), 523-543.

Viðauki I – Ýmis kostnaður borgarinnar vegna hunda- og kattahalds.

Kattholt

Samkvæmt upplýsingum frá Kattholti komu 805 kettir í Kattholt á árunum 2017-2019. Af þeim fóru 726 kettir á ný heimili eða voru sóttir af eiganda. Kettirnir eru allt frá 2 dögum upp í 2 - 3 mánuði í athvarfinu. Borgin greiðir 7 daga fyrir eigendalaus ketti.

Kettir handsamaðir af meindýraeyði borgarinnar

Ár	Fjöldi beiðna	Handsamaðir	Fluttir í Kattholt
2015	55	*188	138
2016	34	55	55
2017	36	37	37
2018	10	12	12
2019	23	27	27

*í einu tilfalli voru 50 kettir handsamaðir í iðnaðarhúsnæði í Súðarvogi og fluttir á Dýraspítalann í Víðidal

Kostnaður við leigu, gæslu og umsjón katta árin 2015-2019

Greiðslur til Kattvinafélagsins vegna Kattholts

Ár	Upphæð kr.
2015	3.254.000
2016	2.605.000
2017	2.221.500
2018	2.127.500
2019	2.529.000

Kostnaður við aflífun og brennslu katta 2015-2019

Greiðslur til Dýraspítala Víðidal ehf., Dýralæknis í Mosfellsbæ ehf. og Dýralæknamiðstöðvar Grafarholts ehf.

Ár	Upphæð kr.
2015	881.900
2016	380.923
2017	321.175
2018	347.062
2019	230.345

Ábyrgðartryggingar vegna hunda - tjónamál

Samningur við VÍS tók gildi 1.1.2017 og eru skráð tjón 8. Atvik sem upp hafa komið í gegnum árin eru misalvarleg. Verkefnastjóri trygginga hjá borginni leggur áherslu á að mjög mikilvægt sé að hundeigendur hafi gilda ábyrgðartryggingu og að það sé skilyrði fyrir leyfisveitingu. Þó Reykjavíkurborg hafi milliigöngu um kaup tryggingarinnar eins og fyrirkomulagið er nú, þá beri hundeigandi ábyrgð á greiðslu sjálfsábyrgðar án milliigöngu borgarinnar.

Ár	Fjöldi
2017	3
2018	3
2019	2
2020	0 það sem af er ári

Iðgjald ársins 2020 er um kr. 6.762.320 og eru um 2100 hundar skráðir í borginni í ár.

Sandskipti á leiksvæðum vegna katta

Kostnaður við endurnýjun sands í sandkössum á leikskólalóðum árið 2019 var 27,2 milljónir.

ERINDISBRÉF¹ Starfshópur um þjónustu borgarinnar við gæludýr

Ábyrgðarmaður: Ólöf Örvarsdóttir, sviðstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs

Inngangur:

Umhverfis- og heilbrigðisráð samþykkti 16. okt. 2019 að fela þriggja manna stýrihópi að greina og gera tillögur til ráðsins um hvernig haga skuli þjónustu borgarinnar við gæludýr.

Hlutverk:

Hópurinn á að skoða er hvernig Reykjavíkurborg uppfyllir þær kröfur sem til hennar eru gerðar í lögum, reglugerðum og samþykktum um dýrahald og velferð dýra og hvort tilefni sé til breytinga. Einnig á hópurinn að skoða hvernig þjónustu við íbúa sem halda gæludýr er háttáð og hvort auka eigi þjónustu við þá. Við vinnu tillagnanna skal leggja áherslu á velferð dýra og samfélagslegan ábata af gæludýrahaldi auk þess að huga sérstaklega að dýrum í erfiðum aðstæðum og óskiladýrum. Þá skal hópurinn skoða möguleika á samstarfi við nágrannasveitarfélög og félagasamtök sem láta sig dýravelferð varða og kalla til samráðs sérfræðinga og aðra sem geta lagt til vinnunnar. Tillögunum þarf að fylgja kostnaðarmat og tímaáætlun.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Rýna hvernig Reykjavíkurborg uppfyllir kröfur í lögum, reglugerðum og samþykktum
- Rýna hvernig þjónustu er háttáð við gæludýraeigendur og meta hvort hún sé fullnægjandi.
- Skoða aðstæður óskiladýra og dýra í erfiðum aðstæðum og hvernig best sé að uppfylla lagaskyldur vegna meðferðar villtra og hálfvilltra dýra innan borgarmarkanna og setja ramma um meðferð slíkra mála og endurgreiðslur vegna þeirra í samræmi við 7. gr. laga nr. 55/2013.
- Skoða mögulegt samstarf við nágrannasveitarfélög og félagasamtök.
- Vinna kostnaðarmat og tímaáætlun fyrir tillögur hópsins.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Þorkell Heiðarsson, formaður

Sabine Leskopf

Inga María Hlíðar Thorsteinsson

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

María Nielsdóttir, skrifstofu sviðstjóra

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok [mån/ár].

Reykjavík, [Dags.]

Ólöf Örvarsdóttir
sviðstjóri

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 11.11.2020

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkurborgar frá 28. nóvember 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um þjónustu við gæludýr um að setja á stofn Dýraþjónustu Reykjavíkur (DÝR):

Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð og menningar- íþróttá- og tómstundaráð samþykki að sameina á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við gæludýr.

DÝR skal annast utanumhald og umsýslu vegna skráningar dýra, fræðslu og upplýsingagjöf um gæludýr, dýrahald í þéttbýli og þær reglur sem um það gilda, föngun og vistun dýra í vanskilum, móttöku dýra í hremmingum, samskipti við aðrar stofnanir innan sem utan borgarinnar, dýraeigendur og hagsmunasamtök þeirra.

Samhliða stofnun DÝR verður Hundaeftirlit Reykjavíkur lagt niður og málefni katta flutt frá meindýraeftirliti til DÝR. Jafnframt er samþykkt að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun DÝR og skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun, sem byggir á skýrslu stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr og þeim tillögum sem þar er að finna.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, íþróttá- og tómstundasviðs og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er falið að vinna erindisbréf og skipa fulltrúa í starfshópinn.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir



Umhverfis- og heilbrigðisráð

Dýraþjónusta Reykjavíkurborgar (DÝR) - Tillaga stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr

Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð og menningar- íþróttá- og tómstundaráð samþykki að sameina á einum stað, undir nafninu Dýraþjónusta Reykjavíkur (DÝR), starfsemi Reykjavíkurborgar vegna þjónustu við gæludýr.

DÝR skal annast utanumhald og umsýslu vegna skráningar dýra, fræðslu og upplýsingagjöf um gæludýr, dýrahald í þéttbýli og þær reglur sem um það gilda, föngun og vistun dýra í vanskilum, móttöku dýra í hremmingum, samskipti við aðrar stofnanir innan sem utan borgarinnar, dýraeigendur og hagsmunasamtök þeirra.

Samhliða stofnun DÝR verður Hundaeftirlit Reykjavíkur lagt niður og málefni katta flutt frá meindýraeftirliti til DÝR. Jafnframt er samþykkt að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun DÝR og skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun, sem byggir á skýrslu stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr og þeim tillögum sem þar er að finna.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, íþróttá- og tómstundasviðs og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er falið að vinna erindisbréf og skipa fulltrúa í starfshópinn.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að DÝR fari með daglega umsýslu er tengist gæludýrahaldi sem og öðrum dýrum eftir því sem við á í samstarfi við heilbrigðisnefnd og heilbrigðiseftirlit, umhverfis- og skipulagssvið, önnur svið borgarinnar, viðeigandi opinbera aðila og hagsmunasamtök dýraeigenda. Gert er ráð fyrir að DÝR hafi aðsetur í Fjölskyldu- og húsdýragarði þar sem þegar er til staðar innra skipulag, mannauður og þekking hvað varðar dýrahald og fræðslu í málaflokknum. Áfram verða flókin mál og mál þar sem beita þarf þvingunarúrræðum unnin í samstarfi við HER auk þess sem heilbrigðiseftirlitið mun hafa eftirlit með starfseminni lögum samkvæmt.

Í samþykkt fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur eru því falin verkefni heilbrigðisnefndar þ.m.t. verkefni er tengjast dýrahaldi sbr. gr. 1, 3 og 4 undir C lið samþykktarinnar. Verkefni tengdum dýrahaldi er nú sinnt hjá nokkrum aðilum innan borgarinnar, s.s. HER, skrifstofu umhverfisgæða, meindýravörnum og FHG. Þessi verkefni, utan hefðbundinna meindýravarna, verða sameinuð hjá DÝR.

Áhersla verður lögð á að fjölga skráningum skráningarskyldra dýra í borginni m.a. með lækun leyfisgjalda, einfaldari skráningu og aukinni og sýnilegri þjónustu við dýraeigendur skráðra dýra. Núverandi húsnæðisaðstaða í FHG uppfyllir að hluta til þörfina á aðstöðu vegna

skammtímageymslu gæludýra og meðferðar villtra og hálfvilltra dýra. Lagt er til að þörfin á bættri aðstöðu vegna starfsemi DÝR verði skoðuð og tillögur um mögulega fjárfestingu unnar í framhaldinu.

Með þessari nálgun er ætlunin að fjárþörf bæði vegna stöðugilda og innviðaupbyggingu verði lægri en ef stofnuð yrði ný sérstök eining annars staðar í borgarkerfinu þar sem innviðir og mannaflí FHG auk núverandi hundaeftirlits verða sameinuð til samlegðar. Um frekari útl istun vísast til 5. kafla.



Sabine Leskopf

formaður stýrihóps

Hjálagt:
Skýrsla stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr, október 2020
Samrit:
Menningar-, íþróttá og tómstundaráð